

Handbók Kerhólsskóla um

Snemmtæka íhlutun

með áherslu á málproska og læsi



Efnisyfirlit

Inngangur	5
Undirmarkmið	5
Saga skólans	6
Flæði	7
Aðalnámskrá leikskóla – mál og lestur	9
Fræðileg umfjöllun	12
Málþroski barna	12
Málþroskaröskun DLD	14
Málörvun fjöltyngdra barna	15
Snemmtæk íhlutun	17
Hvenær skal hefja íhlutun hjá ungum börnum	18
Leikur og nám	21
Læsi	23
„Matthew effect“	24
Hljóðkerfis- og hljóðavitund	24
Umskráning	24
Mikilvægi þess að lesa fyrir börn	25
Verkferlar – gátlistar	26
Móttaka barna	26
Þátttökuaðlögun	26
Áætlun aðlögunar:	27
Móttökuáætlun nemenda með fjölbreyttan menningarbakgrunn	28
Innritun	28
Móttökuviðtal	28
Aðlögun	28
Eftirfylgd	29
Foreldrasamstarf	29
Aðlögun og málörvun fjöltyngdra barna í leikskóla	29

Málörvun	30
Málörvunarstundir - Samvera í hópum	32
Lubbi finnur málbein	32
Lærum og leikum með hljóðin	35
Vináttuverkefnið Blær	36
Almenn málörvun	38
Söngur	40
Elsti árgangur- málörvun- K-Pals.....	41
Innritun í grunnskóla.....	42
Undirbúningur fyrir grunnskólagöngu	42
Stoðþjónusta Kerhólsskóla	43
Deildarstjóri stoðþjónustu	43
Sérkennari leikskóladeildar	44
Skimanir/prófanir í leikskóla og íhlutun	44
Tras.....	45
Efi-2	45
HLJÓM-2	46
Skráning og mat á árangri í leikskólastarfi	46
Skráning í tengslum við sérkennslu	46
Þjálfunaráætlanir og eftirfylgni	47
Skráning atvika.....	48
Gildi og tilgangur skráninga og mats	48
Sérfræðiþjónusta, áætlanir og samvinna	49
Kennsluráðgjafar	49
Félagsráðgjafi	49
Sálfræðingar	49
Talmeinafræðingur	49
Foreldrasamstarf, samfélagið sem heild og námsstefna.....	50
Að festa verkefnið í sessi.....	50

Teymi verkefnisins.....	50
Hlutverk og ábyrgð teymisins:	50
Fræðsla og festing í starfi.....	51
Samræming og eftirfylgd	51
Fagleg menning	52
Lokaorð	53
Heimildir	54

Inngangur

Kerhólsskóli fékk tækifæri til að taka þátt í þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun – mál og læsi í leikskólum Árnesþings ásamt leikskóladeild Bláskógarskóla Laugarvatni, Krakkaborg í Flóa, Leikholti í Brautarholti, Undralandi á Flúðum, og Álfaborg í Reykholti. Verkefni þetta er gert í samvinnu við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, skólaþjónustu Árnesþings og Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðing.

Markmiðið með þátttökunni var að auka þekkingu innan leikskólans, samræma verkferla og útbúa handbók. Markmið handbókarinnar er að allt starfsfólk leikskólans öðlist skilning og þekkingu á málörvun. Markmið með þátttöku í þróunarverkefninu er að öll börn leikskólans fái jöfn tækifæri og nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal, boðskipti og undirbúning fyrir lestrarnám.

Markmiðið er að unnið verður með heildræna læsisstefnu í gegnum alla skólagöngu barnsins frá eins árs og til enda grunnskólagöngu.

Markmiðið er einnig að flokka og skilgreina allt málörvunarefni leikskólans og útskýra skimanir, athuganir og próf sem notuð eru til að meta málþroska.

Undirbúningur

1. Er gerð handbókar til að allt starfsfólk leikskólans öðlist skilning og þekkingu á málörvun.
2. Auka almenna þekkingu allra starfsmanna á námsefni leikskólans.
3. Kynna verkferla sérkennslu leikskólans.
4. Leggja áherslu á markvissa málörvun í öllu daglegu starfi.
5. Auka samstarf og þekkingu forráðamanna hvað varðar málörvun og læsi.

Saga skólans

Það var að hausti árið 2005 sem Grunnskólinn Ljósaborg var vígður í nýrri skólabýggingu á Borg og var hann rekinn fyrstu tvö skólaárin í samstarfi við Bláskógabyggð. Því samstarfi lauk haustið 2007 og frá þeim tíma hefur Grímsnes- og Grafningshreppur rekið skólann sinn sem fékk nafnið Kerhólsskóli. Þann 1. janúar árið 2011 varð Kerhólsskóli í Grímsnes- og Grafningshreppi til við sameiningu leikskólans Kátuborgar og Grunnskólans Ljósuborgar. Ný skólabýgging var byggð við hlið eldri skólans sem er að hluta til samtengdur honum og er bókasafnið m.a. enn í eldri hluta skólans. Það var haustið 2014 sem leikskóladeild og grunnskóladeild Kerhólsskóla fluttu undir sama þak í nýja skólabýggingunni. Vorið 2015 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að Kerhólsskóli yrði heildstæður skóli upp í 10. bekk og sú breyting átti sér haustið 2015 (Kerhólsskóli, e.d.).

Í leikskóladeildinni eru nemendur frá 12 mánaða aldri og í grunnskóladeildinni eru nemendur í 1.-10. bekk.

Sérstaða Kerhólsskóla liggur í nánú samneyti við ósnerta náttúru, smæð skólans og þátttöku allra bæði í leik- og grunnskóla, nemenda, kennara og annarra starfsmanna í starfi skólans. Unnið er í anda einstaklingsmiðaðra kennsluhátta, umhverfismenntunar og áhersla er lögð á list og verkgreinar. Samvinna og samkennd eru ríkjandi í starfi skólans sem og teymiskennslu kennara.

Síðustu ár hefur leikskóladeild Kerhólsskóla tekið miklum breytingum og farið frá því að vera þriggja deilda leikskóli yfir í flæðisskipulag þvert á aldur. Í Kerhólsskóla hafa verið unnar þrjár starfendarannsóknir hver á eftir annarri í gegnum breytingaferlið. Þessi sérstaða skólans skapar einstakt umhverfi fyrir málörvun.

Hér má lesa grein sem birtist í sérriti Netlu í tengslum við það verkefni <https://netla.hi.is/greinar/2023/alm/15.pdf>

Flæði

Hugmyndafræðin um flæði á uppruna sinn að rekja til rannsókna á jákvæðri sálfræði. Martin Seligman og Mihaly Csikszentmihalyi rýndu í jákvæða eiginleika mannsins og komust að því hvað hefði áhrif á jákvæða styrkleika einstaklingsins og vellíðan. Í kjölfarið hafa rannsóknir á sviði jákvæðrar sálfræði aukist til muna (Hefferon og Boniwell, 2011). Jákvæð sálfræði hefur verið notuð í skólastarfi þar sem einblínt er á styrkleika til uppbyggingar einstaklingsins (Hefferon og Boniwell, 2011; White, 2016). Rannsóknir Mihaly Csikszentmihalyi leiddu hann að ástandi sem hann kallaði hugarflæði. Niðurstöður hans benda til þess að fólk upplifi ánægju þegar það fæst við viðfangsefni sem það hefur áhuga á, það þekkir betur styrkleika sína og upplifir meiri gleði. Mesti ávinningur næst þegar viðfangsefni reyna á vitsmunalega færni einstaklingsins. Verkefnið þarf að vera hæfilega krefjandi því ef það er of auðvelt eru líkur á að viðkomandi fari að leiðast, missi áhugann og klári ekki verkeið. Það sama gildir ef viðfangsefnið er of erfitt. Samkvæmt Csikszentmihalyi (1997) er hugarflæði það ástand sem einstaklingur kemst í þegar áhugahvötin leiðir hann áfram í algjörri einbeitingu og ekkert annað kemst að (Csikszentmihalyi, 1997; Steimer, 2021). Samkvæmt hugmyndafræði Csikszentmihalyi er hægt að upplifa hugarflæði með mismunandi jákvæðum tilfinningum og á mismunandi hátt. Þó eru nokkur atriði einkennandi þegar einstaklingur upplifir flæði. Hann þarf að geta einbeitt sér að því sem hann er að gera og geta klárað verkefnið. Einnig er mikilvægt að markmið séu skýr og að einstaklingurinn fái strax endurgjöf á það sem hann er að gera. Þá hverfa áhyggjuefni daglegs lífs úr vitundinni og viðkomandi finnst hann hafa stjórn á því sem hann er að gera. Að lokum þá breytist tímaskynið í flæði þannig að klukkustundir geta orðið að mínútum (Morris, 2012). Flæði tengist leikskólastarfi og grunnþáttum menntunar á skýran hátt því þar er unnið að vellíðan og eflingu sjálfsmyndar barna. Í leikskólum er lagt upp með að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd, finni styrkleika og fái notið þeirra í fjölbreyttu starfi. Jafnframt eiga börn að fá vald til að hafa áhrif á merkingarsköpun sína og velja sér viðfangsefni eftir áhugahvöt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Barn sem fer í flæðisástand í leik verður niðursokkið í leikinn, gleymir stund og stað og truflast ekki af utanaðkomandi áreiti (Csikszentmihalyi, 2005). Frjáls leikur í flæði gefur börnum tækifæri til að læra á líkama sinn og huga, eykur þekkingarsköpun og styður börnin í að þekkja eigin mörk og annarra (Göl-Güven, 2017). Dagskipulag leikskóla í anda flæðis þarf að vera opið og sérstaklega þarf að vara sig á að leikur sé ekki stöðvaður til þess eins að snúa sér að næsta verkefni. Einnig þarf að hafa í huga að börnin eru ekki öll á sama aldri og því þarf að gæta þess að ekki séu gerðar sömu kröfur til eins og hálfs árs barns og fimm ára barns (Csikszentmihalyi, 2005).

Börn hafa ákveðna tilhneigingu til að komast í flæðisástand í leik (Laevers, 1994) og tengist flæði leiknum og því hvernig börnin takast á við mismunandi viðfangsefni, hvort þau sýni þeim áhuga og hvort þau séu niðursokkin í þau. Helsta vísbendingin um hvort barn sé komið í flæðisástand er sú hvort það sé ánægt en þá er það alveg niðursokkið í leikinn og lætur ekkert trufla sig. Csikszentmihalyi (2005) telur að ánægjan komi þó oftast ekki í ljós fyrr en eftir á vegna þess að barnið er svo niðursokkið við athafnir sínar og því ómeðvitað um líðan sína. Flæðisástand má einnig tengja við hugtakið hneigð til náms (e. learning disposition) sem Carr (2001) hefur fjallað um og vísar til þess hvernig barnið sýnir ákveðnum aðstæðum eða viðfangsefnum áhuga og bregst við þeim. Þá er metið hvernig barnið tekst á við óöryggi eða erfiðleika, á hvaða hátt það tjáir tilfinningar sínar og hugmyndir og hvernig það tekur ábyrgð á því sem gerist.

Í rannsókn sem Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (2016) gerðu á flæði í leik og námi leikskólabarna kom í ljós mikilvægi þess að börn fengju að velja sér viðfangsefni og leikfélaga. Þegar börnin höfðu áhuga á verkefnum sínum jókst einbeiting þeirra og einnig líkur á að þau kæmust í flæðisástand. Niðurstöður þeirra sýndu einnig að þegar losað var um dagskipulag og hlustað var betur á það sem börnin höfðu að segja þá jókst þátttaka barna í skólastarfinu og frelsi þeirra til að takast á við viðfangsefni sem vöktu áhuga hjá þeim. Eins gaf meistaraþrófsrannsókn Sigríðar Þorbjörnsdóttur (2020) til kynna að þegar börn hafa frelsi til að velja sér viðfangsefni, rými og leikfélaga fækkar árekstrum þeirra á milli, sem skilar sér í betri líðan bæði barna og starfsfólks.

Aðalnámskrá leikskóla – mál og lestur

Í leikskóladeild Kerhólsskóla er unnið eftir þeirri menntastefnu er birtist í Aðalnámskrá leikskóla en hún er reist á grunnþáttum menntunar sem eru sex talsins. Hér að neðan má sjá yfirlitsmynd hvernig þessir þættir eru útfærðir í vinnu leikskólans. Þar er einnig útskýrt hvernig hlutverk kennara og flæðið vinna saman með grunnþáttunum, þ.e. læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011)

Heimildir Grunnþættir menntunar	Hlutverk kennara	Læsi	Sjálfbærni	Lýðræði og mannréttindi	Jafnrétti	Heilbrigði og velferð	Sköpun	Flæði
Þemavinna	Hafa kveikjur um hugmyndir fyrir börnin til að vinna með. Grípa tækifærin, vera vel undirbúin og áhugasöm. Leiðbeina og vera sveigjanleg.*	Skilningur nemenda á viðfangsefni. Nýta bækur, tölvur til að afla sér upplýsinga. Vera læs á efnivið, kennara og aðra nemendur.*	Kynnast umhverfinu, endurnýta og nota það efni sem finnst í náttúrunni. Fara í vettvangsferðir og kynnast nærsamfélaginu.	Samvinna, allir fá tækifæri til að taka þátt og hafa jöfn tækifæri. Börnin fá að hafa áhrif á þau verkefni sem þau eru að vinna að hverju sinni og gefa öðrum vinnufrið.*	Verkefni þurfa að vera við allra hæfi og allir að fá tækifæri til að taka þátt á sínum forsendum. Taka þarf mið að þroska hvers einstaklings.	Verkefni sem bjóða upp á fjölbreyttar fín- og grófhreyfingar. Jákvæðni í fyrirrúmi, hafa hlutverk, æfa samstarf og ganga vel um eigur skólans. Sýna hreinlæti.	Leyfa sköpunargáfunni að njóta sín. Hafa fjölbreyttar aðstæður til sköpunar s.s. myndlist, sögur, könnunaraðferð, tónlist. Börn fá tækifæri til að skapa á eigin forsendum.	Erum með mismunandi þemu eftir tímabilum sem farið er dýpra í. Tækifærin eru gripin þegar börnin sína áhuga á einhverju og farið dýpra. Þemavinna eins getur verið ólík þemavinnu annara.*
Útivist	Skipuleggja útinám. Hafa yfirsýn, vera til staðar, gæta öryggis, aðstoða nemendur en gera ekki fyrir þá. Fara með í vettvangsferðir og kynna nærsamfélagið.	Læra í hvaða föt á að fara miðað við veður, veðurlæsi. Læra af fyrri reynslu. Myndrænt skipulag fyrir veður og viðeigandi klæðnað eftir veðri.*	Nemendur klæða sig sjálf. Ganga vel um náttúruna, endurnýta, nota leikefni úr náttúrunni og læra að nýta hlutina og nálgast viðfangsefni á sínum forsendum.	Jöfn tækifæri til leiks úti, virða leik annara, leikefni við hæfi, börnin læra að deila með sér og leyfa öðrum að vera með í leik. Allir eiga að geta notið sín.	Allir fá jafna athygli. Ekkert leikfang er fyrir ákveðið kyn. Öll leiktæki eru aðgengileg og börnin læra að skiptast á.	Hvatt er til útileikja sem reyna á félagsfærni. Einstaklingsþarfir virtar, ferskt loft og hreyfing. Börnin fá að prufa sig áfram í leiktækjum og náttúrunni án þess að það skapi hættu.	Nýta það sem er í umhverfinu hverju sinni, mismunandi eftir árstíðum. Sköpun með mold, snjó, sandi, gróðri og vatni. Virðing fyrir umhverfinu ávallt í fyrirrúmi.	Börnin hafa val um að fara út fyrir eða eftir hádegi- eða bæði. Einungis skilyrði að fara út einu sinni á dag.
Samverustund	Koma með ólíkar nálganir inn í samverustund s.s. Lubba, Vináttuverkefnið, Lærum og leikum, markvissa málörvun, lestur og söngur. Vera undirbúin, halda athygli, aga og grípa tækifærin. Passa að allir fái tækifæri til að tjá sig.*	Myndrænt, efla tilfinningalæsi, loðtöflusögur, söngspjöld, upplestur á sögum og kvæðum. Skynja ólíkar þarfir og takmarkanir, allir fá tækifæri til að taka þátt.*	Börnin æfa sig í að hlusta og fara eftir fyrirmælum. Mikilvægi þess að ganga vel um. Umræður fara fram og börnin fá tækifæri til að tjá sínar skoðanir.*	Börnin fái jöfn tækifæri til að tjá eigin langanir og skoðanir. Umgengis- og hegðunarreglur eru samdar saman og skipst er á að velja sögur og sönglög.*	Allir fá jöfn tækifæri til þátttöku. Æfa framkomu og fá að hafa sínar skoðanir. Allir fá tækifæri til að tjá sig.*	Efla sjálfsmynd og sjálfstraust með þátttöku. Hafa gleði í fyrirrúmi og ræða um tilfinningar og langanir okkar. Taka umræður um heilbrigði og hreinlæti og hvers vegna það er mikilvægt.*	Örva forvitni, leyfa börnunum að búa til sögur, leikrit og nýta hugmyndaflug þeirra.*	Blöndun hópa óháð aldri og kennarar flakka á milli hópa eftir því hvað er í gangi hverju sinni.
Matartími	Sýna gott fordæmi. Málörvun, leyfa börnum að skammta sér sjálf en hvetja þau til að smakka allan mat. Kenna borðsiði, snyrtilegheit, bera virðingu fyrir matnum og ræða hollustu.*	Læra að skammta sér sjálf, læra af öðrum og þekkja mun á ópoli, matvæðni og öðrum vandkvæðum. Börnin læra að leggja sjálf á borð. Halðið er í íslenskar hefðir eins og þorrablót og jólamat.*	Passa að fá sér lítið á diskinn og fá sér frekar oft. Sporna við matarsóun og ræða um matinn og hvaðan hann kemur.*	Öll fá að borða og drekka, skiptast á hver er fyrst. Hvetja til að smakka en gera ekki kröfu um að klára af disknum. Kennt að bera virðingu fyrir ópoli og ofnæmi annara í mat.*	Allir eru jafnir og fá aðstoð eftir einstaklingsþörfum og getu. Virða að allir hafa mismunandi smekk.	Hollur og fjölbreyttur matur. Fræðsla um mat og hollustu og að allir þurfi að borða og fá næringu. Hreinlæti og kurteisi.*	Börnin skammta sér sjálf á sinn disk og fá að ráða uppröðun matar síns. Einnig er í boði að fá hálfa brauðsneið í stað heillar og rætt um mismunandi lögun og ásýnd matar.*	Hlaðborð. Börnin fara að borða þegar þau eru tilbúin til þess innan matmálstíma sem spannar klukkustund. Velja sér sjálf á diskinn, hvar þau vilja sitja og með hverjum.
Hvöld og slökun	Hjálpa börnunum að komast í ró og ræða mikilvægi slökunar og hvíldar. Vera í góðu samstarfi við foreldra um svefn barna þeirra.	Lesi fjölbreyttar bækur og hlusta á sögur. Hlusta á slakandi tónlist til að ná sem mestri ró.	Börnin þurfa að læra slökun á sínum forsendum, þau læra að slaka á og róa sig sjálf. Börn sem sofna fá að sofa.	Allir fá hvíld við sitt hæfi. Það er val um að fara afsíðis í hvíldarstund ef barnið óskar þess í amstri dagsins.	Allir fá einhverskonar hvíld, fá sinn stað og fá frið til hvíldar.	Hvöld er mikilvæg fyrir andlega vellíðan og heilsu. Allir þurfa á hvíld að halda og læra að ná að slaka á í amstri dagsins.	Í slökun getur ímyndunaraflið farið á flug. Mikilvægt að skapa áhuga á að hlusta á sögur/ róandi tónlist.	Hvenær sem er yfir daginn er í boði að fara í slökun t.d. jóga ef þau kjósa.
Félagsfærni	Aðstoða nemendur við að vera sjálfbjarga. Kenna aga, sjálfstjórn og mun á réttu og röngu. Vera góð fyrirmynd, sýna jákvæðni og gera verkefni af heilum hug.	Nota vináttuverkefnið til að efla nemendur í að ræða um tilfinningar. Lesi í hegðun og líðan okkar og annara.	Byggja upp sjálfstæða einstaklinga sem geta fundið sjálf efnivið í leik og nýtt umhverfið til leikja.	Mikilvægt að öllum líði vel og finni fyrir öryggi í leikskólanum. Börnin fái að taka þátt í að búa til reglur í leikskólanum. Borin sé virðing fyrir öllum og þeirra skoðunum. Mikilvægi að hafa	Ræða um jafnrétti og að allir eigi rétt á sínum tilfinningum.	Byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Virða það að það eru ekki allir eins og vera meðvituð um það. Börnin læra að setja öðrum mörk varðandi sinn líkama-einkastaði.	Læra að tjá tilfinningar sínar á skapandi hátt. Hægt er að sýna tilfinningar með myndum, í leik, tónlist og ýmsum efnivið. Hvatt til samleiks og hlutverkaleikja.	Bera virðingu fyrir leik annara. „Ég ber ábyrgð á mér og þú berð ábyrgð á þér“. Jákvæð samskipti að leiðarljósi.

				valdajafnvægi barna og kennara.				
Efniviður/umhverfi	Passa upp á að það sé gott aðgengi að fjölbreyttum efnivið. Aðstoða börnin við að kynnast ýmsum efnivið og stuðla að því að umhverfið henti börnunum og þeirra vinnu. Fylgja stefnu um Grænfánaskóla.	Kynnast mismunandi áferðum, mjúkt, hart, heitt, kalt, plast, tré, gróft, fínt og slímugt. Vera læs á umhverfi okkar og hvort að efniviður henti eða ekki.	Kynnast endurvinnslu, hvað má endurvinna og hvað ekki. Læra að flokka rusl eftir því hvort plast, pappír, lífrænt eða almennt sorp sé um að ræða.	Bera virðingu fyrir umhverfinu og náttúrunni. Nýta pappír og verðlaus efni. Fara sparlega með vatn, rafmagn og pappír. Jöfn tækifæri til að nýta efnivið.	Aðgangur að efnivið sé jafn, í þeirri hæð sem þau ná til svo þau geti notið sín á sínum forsendum.	Þarf að vera öruggt, hreinlegt og skaðlaust. Leikföng úr viðurkenndum efnum.	Leggja upp úr því að skapa og endurnýja úr verðlausum hlutum. Hafa nógu mikla fjölbreytni. Virkja ímyndunar aflið og passa að börnin fái lausan taum í sköpun.	Ávallt aðgangur að fjölbreyttum efnivið og fjölbreyttu umhverfi. Er í þeirra hæð svo að þau geti nálgast efniviðinn sjálf.
Hreyfing	Skipuleggja íþrótta og danstíma fyrir börnin. Kenna börnunum mismunandi leiki og halda uppi aga og skipulagi. Taka þátt í leikjum með börnunum og vera góðar fyrirmyndir.	Fylgja myndrænum- og munnlegum fyrirsmælum. Vera læs á sínar eigin hreyfingar og taka tillit til annara.	Nota umhverfið til leikja. Nýta það sem finnst í náttúrunni til margvíslegrar hreyfingar t.d. brekkur, grjót, klifur í trjám og fl.	Börnin fá val um fjölbreytta leiki og fá að hafa áhrif. Bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Við erum með mismunandi færni og það er allt í lagi. Einblínum á styrkleika fremur en veikleika.	Upplifa að kynin hafa jafnan aðgang að leikefnum og leiksvæðum. Börnin eru hvött til að nota fjölbreytt leikefni óháð hefðbundnum kynjahlutverkum.	Hreyfing er mikilvæg fyrir andlega og líkamlega heilsu. Boðið er upp á fjölbreytta hreyfingu bæði inni- og úti.	Börnin fá að skapa sína eigin leiki og fá aðgang að fjölbreyttum efniviði til þess. Dansað við fjölbreytta tónlist og skapandi leiðir notaðar við frágang.	Boðið upp á fjölbreytta hreyfingu bæði úti og inni. Höfum aðgang að íþróttahúsi og sundlaug.
Líkamleg umhirða	Kenna börnunum um almennt hreinlæti. Aðstoða við handþvott eftir klósettferðir, fyrir og eftir mat. Kenna börnunum að bera viðringu fyrir líkama sínum og og vera sjálf góðar fyrirmyndir.	Börnin læri líkamsheiti og hugtök tengt líkamlegri umhirðu. Auka skilning á mikilvægi hreinlætis.	Nota hæfilegt magn af pappír og sápu. Börnin læri hvenær er sérstaklega mikilvægt að gæta hreinlætis. Leyfa börnunum að gera sjálfum með aðstoð ef þess þarf.	Öllum á að líða vel. Klæðnaður þarf að vera við hæfi, gera sjálf og bera viðringu fyrir sjálfum sér og fyrir öðrum. Aðstoða við grunnþarfir.	Við erum öll ólík og með ólíkar þarfir. Vinnum með kynjafræði og mismunandi kynþætti. Við þurfum mismunandi tíma til að athafna okkur og það ber að virða.	Aðstoða börnin við daglega líkamlega umhirðu. Þvo sér eftir klósettferðir, útiveru matartíma og aðra vinnu.	Börnin fá tækifæri til að skapa með sápu og vatni. Fá að fara í sull þar sem er í góðu lagi að leika með sápu og vatn.	Tækifærin gripin til umræðu um mikilvægi hreinlætis og líkamlegrar umhirðu. Hvatning til að sinna eigin salernisferðum og handþvotti miðað við þroska hvers og eins.
Flæði/leikur	Vera vakandi yfir tækifærunum sem skapast í leik, bjóða fram fjölbreytt verkefni til að auka möguleika barna til að upplifa flæði. Grípa tækifærin í félagslegum samskiptum og leiðbeina.*	Málörvunarstöðvar í boði og alltaf í boði að skoða bækur eða lesa með kennara. Í flæði náum við fram læsi í ólíkum aðstæðum, á fjölbreyttan hátt. Orðmyndir eru á flestum hlutum.*	Í flæði göngum við frá eftir okkur, nýtum afganga og verðlausan efnivið. Nota náttúrulegar afurðir til leiks.	Börnin hafa val um leikefni, leiksvæði, leikfélaga og kennara til að verja tíma sínum með. Í flæði ná þau að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.	Allir fá að vera eins og þeir eru óháð kyni, aldri, kynþætti og trúarbrögðum.	Í flæði skapast svo mörg tækifæri í samræðum og leik til að dýpka þætti sem að tengjast heilbrigði og velferð t.d. að þekkja eigin líkama og mörk hvers og eins.*	Hvert og eitt barn fær frjálst flæði til að virkja sköpunarkraft sinn og taka hugmyndir sínar lengra í sköpun. Börnin gera sjálf en fá aðstoð, miðað við þroska.	Gleði-Jákvæðni-Virðing.

Þessi tafla sýnir hvernig málörvun er felld inn í allt daglegt starf Kerhólsskóla í gegnum grunnþætti menntunar. Þeir þættir sem snúa að málörvun eru stjórnumerkir í töflunni

Fræðileg umfjöllun

Þegar nýjar aðferðir eru innleiddar eða gera á breytingar sem varða skipulag skólastarfs eða skólakerfis þá er mikilvægt að hafa í huga helstu atriði sem skipta sköpum þegar væntingar um árangur eru annars vegar. Skýr markmið með breytingum eða þróunarstarfi, faglegt samtal allra aðila og raunhæfar væntingar um árangur eru lykilatriði. Robinson (2018) nefnir í þessu samhengi mikilvægi þess að betra sé að hafa litlar væntingar um árangur og að breytingar leiði til umbóta heldur en öfugt. Betra sé að trúa því að breytingarnar muni ekki skila tilætluðum árangri nema gott og skilvirkt skipulag sé til staðar sem tryggir að allir séu þátttakendur í ferlinu og skilji vel út á hvað það gengur. Í breytingar-, umbóta- eða þróunarferli er oftast en ekki farið fram og til baka, þ.e. ákveðin skref eru tekin og þau gögn, t.d. skráningar, sem hafa safnast eru metin og nýtt áfram í ferlinu. Þannig byggir ferlið á þeirri reynslu og þekkingu sem fyrir er og ofan á hana er svo byggt út frá fyrir fram ákveðnum markmiðum og eftir þeim leiðum sem á að fara.

Hagsmunir barna og menntun þeirra ættu ávallt að vera höfð að leiðarljósi í öllu þróunarstarfi þar sem hágæða leikskólastarf er nauðsynlegt til að tryggja að börn hagnist af þátttöku þeirra. Þó að engin ein aðferð sé til að skilgreina og mæla hugtakið gæði í leikskólastarfi, þá felst kjarni þess í gæðum samskipta milli fullorðinna og barna (Council of The European Union, 2022).

Málþroski barna

Börn fæðast inn í umhverfi þar sem talað mál gegnir mikilvægu hlutverki í samskiptum. Mál er fyrst og fremst tæki til samskipta og börn læra mál til að geta átt samskipti. Allt frá fæðingu gera börn kröfu um félagsleg samskipti og þau bregðast við ef andlit þess sem þau eiga samskipti við frýs skyndilega eða ef þau missa augnsamband við viðkomandi. Til að byrja með er hljóðmyndun ungbarna ósjálfráð og tengist líðan. Jákvæð viðbrögð umönnunaraðila við hljóðum barna og fyrirmynd þeirra í samskiptum verða til þess að börn fara að beita hljóðum markvisst í samskiptum. Þau aðlaga hjal sitt og babbl að hljóðkerfi móðurmálsins og læra samskiptareglur. Áður en börn segja fyrstu orðin hafa þau áttað sig á grunnreglum í samskiptum, s.s. að í samræðum gildir sú regla að viðmælendur skiptast á að tala (Rannveig Oddsdóttir, 2017a).

Það að fylgja augnaráði annarra eftir og átta sig á því hvað viðkomandi er að horfa á og veita sömu hlutum athygli (e. joint attention) gegnir mikilvægu hlutverki fyrir málþroska. Með því að greina að hverju athygli annarra beinist og beina eigin athygli að því sama verður

mögulegt að tengja saman það sem sagt er og það sem fyrir augu ber. Börn segja fyrstu skiljanlegu orðin 10-20 mánaða en mikill munur er á orðum sem barnið skilur og þeim sem það notar sjálft. Börn þekkja og skilja mörg orð sem tengjast daglegu lífi þeirra áður en þau segja sjálf sín fyrstu orð. Vöxtur virks orðaforða er fremur hægfara fyrstu 6 mánuðina en um 18-20 mánaða aldur er hann kominn í 50 orð. Þegar orðaforðinn nær um 50-100 orðum verður mikill vaxtarkippur og í stað fyrir 5-10 orð að jafnaði á mánuði bætir barnið þá við sig þeim orðafjölda á dag. Á þessum tíma verða einnig framfarir í málfræði þar sem börn byrja að setja saman setningar og beygja orð. Aukinn orðaforði eykur getu þeirra til að tjá sig um það sem er í kringum þau og eiga samskipti við önnur börn og fullorðna (Rannveig Oddsdóttir, 2017b).

Góður málþroski er mikilvægasta undirstaða læsis og námsárangurs en er einnig lykilatriði fyrir tilfinningaþroska, félagsþroska, sjálfstjórn og þróun sjálfsmýndar og fyrir þróun heilans og starfsemi hans. Börn þurfa að tileinka sér marga ólíka þætti: Þau þurfa að læra máhljóð, framburð og hljómfall, orð og merkingu þeirra, málfræði og málnotkun. Þessir þættir eru samtvinnaðir en byggja þó á ólíkri færni. Það að vera sterkur á einu sviði felur ekki endilega í sér að vera sterkur á öllum sviðum en sá sem er slakur á einu sviði getur verið góður á öðru. Málþroski er ekki eitthvað eitt þó að margar hliðar málþroska fléttist saman bæði í þroskaferlinu og í málnotkun. Til að þjálfra og þroska einn þátt þarf því annars konar reynslu og/eða kennslu en fyrir annan (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2017a).

Orðaforði er mikilvægur þar sem orð eru kjarni málsins, þau bera merkingu og orðaforðinn er samtvinnaður þekkingu barnsins þar sem við lærum ný orð með nýrri þekkingu og notum orð til að halda utan um þekkingu okkar. Þróun orðaforðans er einnig nátengd öðrum málþroskaþáttum þar sem hún knýr þróun beyginga og setninga og er lykill að tjáningu og skilningi á flóknum setningum. Orðaforðaþekking er (ein) helsta burðarstoð lesskilnings og spáir fyrir um lesskilning á öllum skólastigum. Orðaforði, bæði stærð og inntak, er mjög háður umhverfisáhrifum, þ.e. samskiptastíl, málörvun og uppeldis- og kennsluaðferðum (Rannveig Oddsdóttir, 2017b).

Hlutverk foreldra og kennara er misstórt, mismunandi og mismikilvægt. Það fer eftir aldri og þroskastigi barnsins og eftir því hvaða þátt málþroskans um er að ræða. Það er mikilvægt að kennarar séu vel að sér um málþroska og allt sem honum tengist. Bæði orðaforði og færni í orðræðu í samfelldu máli eru mjög háð ílagi; stuðningi fullorðinna og tækifærum sem barn fær til að spreyta sig við örvandi og krefjandi aðstæður. Strax á leikskólaaldri er mikill einstaklingsmunur á málþroska barna og munurinn vex yfirleitt með ári hverju sé ekki gripið í taumana. Þessi munur stafar fyrst og fremst af því að börn með

slakan málþroska hafa ekki fengið eins mörg og góð tækifæri til að læra orð og mál og börn með góðan málþroska. Mikilvægt er að finna þau börn sem standa slakast og veita þeim markvissa og víðtæka málörvun (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2017b).

18 mánaða-2 ½ árs.	2 ½ árs – 3 ára.
• Segir tveggja til þriggja orða setningar: <i>Mamma koma, mamma koma heim.</i> • Þekkir orðin og bendir á þegar sagt er <i>nef, munnur, hár.</i> • Skilur einföld fyrirmæli, til dæmis: <i>Náðu í skóna þína</i> • Kann 10-90 orð.	• Þekkir nokkra liti; t.d. <i>8gulan, rauðan, bláan.</i> • Sækir hluti sem það sér ekki en þekkir orðin yfir: <i>Náðu í boltann.</i> • Notar fornöfn eins og <i>hann, hún, ég.</i> • Nákomnir skilja tal barnsins. • Spyr um hluti í heilum setningum eins og: <i>Hvar er húfan mín?</i>
3 ára.	4-5 ára.
• Nefnir flesta liti. • Hefur gaman af að hlusta á sögur. • Sýnir myndum áhuga og ræðir um þær. • Spyr spurninga: <i>Hvar? Hvernig? Hvað? Af hverju?</i> • Svarar spurningum eins og: <i>Hvað gerir þú þegar þér er kalt?</i> • Telur upp að fimm og sýnir þrjá fingur þegar spurt er um hversu margir eru þrír.	• Fylgir flóknum fyrirmælum: <i>Taktu stóra boltann og settu hann við hliðina á bláa kassanum.</i> • Skilur og hefur gaman af rími; <i>hús – mús, bill-fill.</i> • Getur myndað átta orða setningar. • Notar ímyndunaraflið til að bæta sögur sínar. • Reynir að útskýra hugsanir og langanir í orðum. • Beygir flest orð rétt.

Málþroskaröskun DLD

Málþroskaröskun (e. *Developmental Language Disorder*, DLD) er meðal algengustu taugaproskaraskana, en oft lítt sýnileg. Hún hefur áhrif á skilning, tjáningu og notkun tungumáls á ólíkum stigum þroska. Börn með DLD eiga stundum erfitt með að skilja og setja saman orð og setningar, sem getur haft áhrif á samskipti, nám og sjálfstraust. Mikilvægt er að starfsfólk í skólum hafi grunnþekkingu á einkennum málþroskaröskunar og geti brugðist við með skilningi, stuðningi og markvissum aðgerðum. Í eftirfarandi kafla er byggt á fræðilegum heimildum sem lýsa helstu einkennum, algengi og áhrifum DLD á líf barna og fjölskyldna þeirra. Að lokum verður fjallað um mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og hvernig hægt er að styðja málþroska barna á sem árangursríkastan hátt.

Málþroskaröskun DLD felur í sér skertan skilning og notkun á tungumálinu. Þar er um að ræða form tungumálsins, tal, málskilning og notkun á táknuðu og rituðu mál. Einkenni málþroskaröskunar DLD eru allt frá því að vera mild yfir í að vera alvarleg (Kuder, 2018:7-8).

Samkvæmt rannsóknum er algengi málþroskaraskana á bilinu 7-12% og um er að ræða langtíma ástand þar sem börn geta átt á hættu að glíma við námserfiðleika, sálrænan og félagslegan vanda (Lyons og Roulstone, 2018). Málþroskaröskun DLD er algeng og samkvæmt rannsóknum glímur eitt af hverjum fjórtán börnum við einkenni DLD. Um er að ræða skerðingu sem er dulin og eru þessir erfiðleikar ekki alltaf augljósir. Þau sem eru með þessa röskun nota einfaldari setningar en aðrir, erfiðara getur reynst að skipuleggja samræður og þeir gera fleiri villur í málinu. Málþroskaröskun DLD kemur fram snemma á ævinni og varir fram á fullorðinsár og getur haft mikil áhrif á líf einstaklinga og hvernig hverjum og einum vegnar í lífinu (Málefli, e.d.).

Í staðreyndarblaði um málþroskaröskun DLD kemur fram að til að íhlutun sé árangursrík þurfi hún að uppfylla kröfur um gæði og tímalengd. Sum börn þurfa meiri stuðning en önnur og í rannsóknum hefur komið fram að það sé áskorun að þjálfar þau börn sem eru með málskilningsvanda. Ennfremur er þörf fyrir vitundarvakningu á málþroskaröskun DLD því almenningur hefur ekki mikla þekkingu á henni miðað við tíðni og alvarleika röskunarinnar. Þessi vanþekking endurspeglast í lágu hlutfalli rannsókna (RADLD, e.d.).

Í rannsókn West o.fl. (2024) kom fram að heildræn málörvunarverkefni í leikskóla leiddu til marktækra framfara í orðaforða og málskilningi barna. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna skýrt að markviss málörvun í leikskólaumhverfi getur haft raunveruleg áhrif á málþroska barna og þar með á nám og félagslega færni þeirra. Slíkar aðferðir geta verið auðveldlega aðlagðar íslenskum aðstæðum, þar sem leikskólinn gegnir lykilhlutverki í að skapa rík tækifæri til málnotkunar, samtals og leikja sem stuðla að eðlilegum málþroska. Með því að þjálfa starfsfólk í málörvandi aðferðum og virkja foreldra til þátttöku má efla málumhverfi allra barna. Sérstaklega þarf að horfa til þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku eða koma úr fátækara málumhverfi. Slík snemmtæk íhlutun getur því skipt sköpum fyrir málþroska, sjálfsmynd og framtíðarnám barna.

Málörvun fjöltyngdra barna

Þegar börn læra fleiri en eitt tungumál verða þau fjöltyngd. Sum börn eiga eitt móðurmál sem þau læra hjá foreldrum heima og bæta síðan öðru tungumáli við, tungumáli

samfélagsins. Önnur tileinka sér tvö tungumál samhliða og eiga því tvö móðurmál, oftast vegna þess að foreldrar eru af sitt hvoru þjóðerni. Enn önnur eiga tvö móðurmál og tungumál samfélagsins sem þriðja mál og er þá talað um fjöltyngi. Oft eru skil á milli tungumála í lífi barna ekki svo skýr.

Sameiginlegt hlutverk foreldra og skóla er því að hlúa að fjöltyngi barna og gefa þeim kost á að viðhalda og þróa bæði/öll tungumál sín. Móðurmálið gegnir mikilvægu hlutverki, en það er grunnurinn sem allt annað tungumálanám byggir á. Tungumál samfélagsins er síðan lykillinn að velgengni í námi og starfi.

Rannsóknir hafa sýnt að þegar börn ná góðum tókum á eigin móðurmáli eiga þau auðveldara með að læra önnur tungumál. Það er öllum börnum hollt og gott að læra ný tungumál. Nokkur misskilningur er uppi um að það að læra önnur tungumál valdi málþroskafrávikum en engar rannsóknir hafa sýnt fram á að það valdi seinkun í málþroska (Elín Þöll Þórðardóttir, 2004).

Málþroskapróf sem eru stöðluð á öðru tungumáli en móðurmáli barnsins gefur ekki rétta mynd af málþroska barnsins eitt og sér (Edwards, Letts og Sinka, 2011). Það er þó hægt að nota ákveðin viðmið prófa til þess að skoða einstök atriði í málþroska barnsins út frá eðlilegum þrepum í málþroska, sem öll börn fara í gegnum, eins og að hlusta, sameina athygli, gera til skiptis, sýna táknrænan leik, tengslamyndun, orðaforði, málskilningur, setningamyndun og viðeigandi boðskipti. Hvert tungumál hefur þó sín sérkenni sem taka þarf tillit til í mati á málþroska.

Rannsóknir á börnum sem eru að læra fleiri en eitt tungumál sýna margar fram á sömu meginatriði (Elín Þöll Þórðardóttir, 2004). Að læra önnur tungumál veldur ekki málþroskafrávikum.

- Það er ekki nauðsynlegt að aðgreina tungumálin algerlega til að koma í veg fyrir erfiðleika. Það skiptir mestu máli að tala móðurmál barnsins og leggja grunn að eðlilegri þróun í málþroska. Hins vegar er líka mikilvægt að læra tungumálið í því landi sem barnið kemur til með að búa í. Þetta á sérstaklega við um orðaforða sem er notaður í skólaumhverfi barnsins.
- Að læra tvö tungumál tekur lengri tíma en að læra eitt. Það getur þar af leiðandi komið fram frávik í málþroska þegar barnið er prófað eingöngu á einu tungumáli.
- Besta leiðin til að meta stöðu barna sem eru að læra íslensku sem annað tungumál er að meta orðaforða barnsins. Það er hægt að gera t.d. með orðaforðagátlistanum *Orðaskil* og telja saman þau orð sem barnið notar í báðum tungumálum. Einnig er

hægt að gera óformlega athugun og skólaorðaförða með aðstoð túlks. Von er á nýjum skimunarlista sem ber nafnið LANIS en þar gefst kostur á að fá upplýsingar á stöðu barns í heimamáli annars vegar og íslensku hinsvegar.

- Magn og gæði hvað varðar samskipti, íhlutun og notkun í báðum tungumálum hefur áhrif á málþroska. Rannsóknir sína að börn þurfa að verja um 40-50% af vökustundum sínum í tungumáli til þess að ná sömu færni og eintyngd börn.
- Aðaláhyggjur af mati á málþroska hjá börnum er hættan á því að vanmeta málþroskafrávik sem koma fram á báðum tungumálum og líta framhjá vandanum þar sem barnið er að læra fleiri en eitt mál samhliða. Hins vegar er líka hættan á því að gera ráð fyrir að barnið sé með málþroskavandamál, þegar orsökina er að barnið hefur ekki fengið næg tækifæri til að tileinka sér tungumálið í því landi sem það býr í.

Snemmtæk íhlutun

Fyrri hluti hugtaksins snemmtæk íhlutun (e. early intervention) vísar til þess að eitthvað á sér stað snemma í lífi barns og sá seinni til aðgerða eða íhlutunar af einhverju tagi. Snemmtæk íhlutun er yfirleitt miðuð við tímabilið frá fæðingu til sex ára aldurs (Tryggvi Sigurðsson, 2003). Snemmtæk íhlutun miðar því að því að ýta undir þroska barna sem glíma við raskanir og seinkun í þroska sem og barna sem eru í hættu á að vera með þroskafrávik, snemma á lífsleið þeirra (Marta Eydal o.fl., 2019). Íhlutunin beinist til dæmis að því að hjálpa þeim að læra ýmsa grunnfærni sem og að tileinka sér nýja færni. Þetta getur átt við hreyfifærni, sjálfshjálp, félagslega og tilfinningalega færni. Loks er það vitsmunaleg færni sem meðal annars snýr að hugsun, námi og lausn vandamála, sem og færni í samskiptum sem felur í sér talmál, hlustun og skilning (Overview of early intervention, 2021).

Einn af grunnþáttum menntunar er læsi. Undirstaða læsis er málþroski sem einnig er afar mikilvægur grundvöllur bæði umskráningar og lesskilnings síðar meir (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl., 2012). Snemmtæk íhlutun í máli felur í sér að greina málþroskavanda nógu snemma með athugunum og með því að afla bakgrunnsupplýsinga, skilgreina í hverju frávikin felast og meta hvaða þætti þarf að þjálf með markvissum hætti ásamt því að veita íhlutun og ráðgjöf (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014; Neaum, 2012). Grunnur að góðum námsárangri ungra barna með frávik í málþroska er lagður með því að veita þeim íhlutun við hæfi. Með snemmtækri íhlutun, góðu samstarfi við foreldra og upplýsingagjöf til þeirra um leiðir til málörvunar, er unnt að draga úr og mögulega fyrirbyggja ýmsan vanda sem frávik í málþroska geta haft á líðan barna, hegðun þeirra og námsframvindu (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir, 2021a). Að því gefnu er snemmtæk íhlutun í máli og

læsi mikilvægur þáttur í leikskólastarfi, því við upphaf og í kjölfar athugana á málþroska leikskólabarna þarf oft að grípa til skilgreindrar íhlutunar (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014). Algengt er að veita þurfi íhlutun og þjálfun í ákveðnum málþáttum, til dæmis varðandi framburð, orðaforða og færni í uppbyggingu setninga (Law o.fl., 2017).

Íhlutun fyrir börn á leikskólaaldri með tal- og/eða málraskanir getur verið í formi beinnar og óbeinnar kennslu í ýmsum aðstæðum, svo sem í leikskólum, inni á heimilum og/eða á stofum talmeinafræðinga. Þeir sem sinna íhlutuninni eru ýmist foreldrar, sérkennarar, þroskaþjálfar, kennarar og/eða talmeinafræðingar. Þeir síðast nefndu eru gjarnan leiðbeinandi aðilar fyrir aðra sem að íhlutuninni koma. Eftir því sem börn eru yngri virðast foreldrar virkari í að skipuleggja og taka þátt í íhlutun þeirra. Þátttaka foreldra í íhlutun og þjálfun stuðlar til dæmis að jákvæðum samskiptum þeirra við barnið. Þátttakan eflir þekkingu þeirra á þáttum sem lúta að tali og máli og á því hvernig þeir geta stutt við málþroska barns síns heima fyrir í samræmi við getu þess og fylgt eftir þjálfun sem fram fer hjá kennara eða talmeinafræðingi. Íhlutun hjá kennurum felur aftur á móti í sér fleiri tækifæri til innlagnar og þjálfunar á nýrri færni. Sérhæfðari og markvissari tal- og málþjálfun er oftast í höndum talmeinafræðinga, svo sem máhljóða- og framburðarþjálfun (Law o.fl., 2017).

Við íhlutun sem fer fram innan veggja leikskólans er ýmislegt sem gott er að hafa í huga, til dæmis er gott samstarf við talmeinafræðinga varðandi forvinnu og skipulag íhlutunar ákjósanlegt, sem og hvernig standa skal að málörvuninni (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir, 2021b). Tíðni og tímalengd íhlutunar eða sérkennslunnar getur verið með ýmsu móti, til dæmis dagleg þjálfun yfir lengri tíma. Það getur verið breytilegt eftir því hvaða málþætti er verið að þjálfva hvaða leið skal velja varðandi tíðni, ákefð og tímalengd inngrips. Við þjálfun orðaforða verður árangurinn meiri ef öflugt inngrip er veitt. Í öðrum tilfellum eins og til dæmis við þjálfun sérstakra málfræðilegra þátta getur ákefð íhlutunarinnar, svo sem hversu oft íhlutunin á sér stað, verið hlutfallslega mikilvægari en lengd, það er hversu lengi hún stendur yfir (Law o.fl., 2017). Árangursrík íhlutun leiðir til þess að barnið geti notað þá færni sem unnið er með í þjálfunartímum í raunverulegum samskiptum en snýst ekki bara um ásættanlega svörun og rétt viðbrögð í tímunum sjálfum (Paul o.fl. 2018).

Hvenær skal hefja íhlutun hjá ungum börnum

Talmeinafræðingarnir Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir (2021a) gera grein fyrir nokkrum atriðum sem hafa ber í huga þegar metið er hvenær skuli hefja

markvissa íhlutun hjá ungum börnum. Þegar eins árs gamalt barn hefur til dæmis ekki áhuga á tengslum við fólk, myndar fá hljóð, hermir ekki eftir hljóðum, tengir ekki hluti við heiti þeirra, segir ekki ma ma og pa pa og tengir við mömmu og pabba er þörf fyrir íhlutun. Ef tveggja ára gamalt barn sýnir lítinn áhuga á samskiptum við foreldra, myndar lítið augnsamband og reynir ekki að ná athygli fólks, segir innan við tíu orð, fer ekki eftir einföldum fyrirmælum og notar mest bendingar og ýmis hljóð, þarf það á íhlutun að halda. Hefja skal íhlutun hjá þriggja ára barni ef það er meðal annars með rýran orðaforða, notar að mestu eins til þriggja orða setningar, segir ekki nafnið sitt, er með óskýran framburð eða myndar fá málhljóð.

Hvenær þarf íhlutun í málörvun eins árs barna?	Hvenær þarf íhlutun í málörvun tveggja ára barna?
Ef barnið: • hefur ekki áhuga á tengslum við fólk • sýnir ekki áhuga á leikföngum • myndar fá hljóð • getur ekki rétt hluti • horfir ekki á algenga hluti þegar þeir eru nefndir • hermir ekki eftir hljóðum • byrjar ekki að segja <i>ma ma</i>, <i>pa pa</i>, og tengir við mömmu og pabba	Ef barnið: • segir innan við 10 orð og fer ekki eftir einföldustu fyrirmælum • tjáir sig lítið með orðum en notast mest við bendingar og ýmis hljóð • sýnir samskiptum við foreldra lítinn áhuga • reynir ekki að ná athygli fólks • sýnir lítið augnsamband • sýnir ekki viðeigandi notkun hluta
Hvenær þarf íhlutun í málörvun þriggja ára barna?	
Ef barnið: • skilur illa talað mál jafnaldra • getur ekki sagt nafnið sitt • er með fátæklegan orðaforða og flestar setningar eru 1–3 orð • er með óskiljanlegan framburð eða hefur mjög fá málhljóð á valdi sínu • sýnir ekki táknrænan leik	

Ung börn á biðlista eftir aðstoð og/eða greiningu sérfræðinga, til dæmis talmeinafræðinga, ættu ekki að vera án íhlutunar. Það getur skipt sköpum fyrir námsframvindu barna sem eiga í vanda að markviss íhlutun hefjist sem fyrst í leikskólanum í samstarfi við foreldra, eða um leið og grunur um málþroskafrávik vaknar þó að niðurstöður annarra sérfræðinga séu ekki tiltækar. Það sama á við um tví- og fjöltyngd börn (Sara Tosti, 2021).

Á undanförunum árum hefur fjöldi leikskólabarna af erlendum uppruna farið ört vaxandi. Rannsóknir benda til þess að færni þessara barna í íslensku sé fremur slök og að

innan leikskólanna sé skortur á tíma og þekkingu til að taka á því. Auk þess vanti fjölbreytt úrræði til að styðja við íslenskunám þessa nemendahóps sem allra best (Aneta Figlarska o.fl., 2017; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022).

Hvort sem börn eru sein til máls, með sérstaka mál-, tungumála og samskiptaörðuleika eða eru að læra fleiri en eitt tungumál njóta þau góðs af málíhlutun og þjálfun frá þeim sem þekkingu hafa og geta stutt við tungumálanám þeirra og við fjölskyldur þeirra. Því fyrr sem þarfir barna eru greindar og markviss íhlutun hefst því líklegra er að inngripið beri árangur (Neaum, 2012).

Leikur og nám

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að leikur skapar tækifæri til þess að barnið öðlist skilning á umhverfi sínu, þrói hugmyndir sínar áfram að nýrri þekkingu, tjáningu tilfinninga og eigin reynsluheimi. Í leiknum gefst einnig tækifæri til að efla félagsleg tengsl, máta hugmyndir sínar við aðra og taka tillit til sjónarmiða annarra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Börn læra ýmsa færni í gegnum leik og þar eflist hreyfi-, félags- og vitrænn þroski þeirra. Á leikskólaaldri fara börnin að sjá sig sem einstaklinga en þau sjá líka að þau tilheyra öðrum í ákveðnu samfélagi. Í gegnum leik rannsakar barnið umhverfi sitt, það tjáir tilfinningar sínar, leysir vandamál og styrkir persónuleika sinn um leið og það æfist í að eiga í samskiptum við önnur börn (Katz og McClellan, 1997; Wood, 2013).

Vygotsky (1978) lagði áherslu á að í leiknum gætu börnin meira en í raunveruleikanum og gjarnan er sagt að þau séu höfðinu hærri í leik. Sum börn nýta gjarnan leikinn til að takast á við aðstæður sem þau ráða ekki við í raunveruleikanum. Það sem barnið getur í leiknum, getur það síðar í raunveruleikanum (Lillemyr, 2009; Vygotsky, 1978). Bodrova (2008) leggur áherslu á að hlutverk fullorðinna í leik sé afar mikilvægt. Hinn fullorðni, sem getumeiri einstaklingur, getur ýtt undir frekara nám barnsins og aukið möguleika þess í framtíðinni. Stuðningur sem felst í að þróa leikinn áfram og leiða hann á nýjar brautir hjálpar barninu að þroskast og æfa samskipti við önnur börn (Bodrova, 2008). Börn á leikskólaaldri eru misjafnlega stödd í þroska og því getur þörf fyrir stuðning við leikinn verið afar ólík eftir því hvað þau eru fær um að framkvæma ein og sér, hvað þau geta gert með stuðningi og hvað þau geta ein og óstudd (Wood, 2013).

Leikurinn styður einnig vel við málþroska og læsi þar sem börnin æfa sig í samskiptum á fjölbreyttan hátt. Í leiknum beita börnin gagnrýnni hugsun, leysa vandamál, tjá sig á fjölbreyttan hátt. Þar æfa þau tungumálið og þróa það í aðstæðum með jafningjum og með stuðningi fullorðinna (Jórunn Elísdóttir og Sólveig Zophoníasdóttir, 2019). Þar gefst tækifæri til þess að styðja við málþroska barna með því að orða hluti sem verið er að gera, endurtaka orð rétt og virkja þau til tjáningar.

Van Hoorn og félagar (2015) hafa fjallað um leiðir til að styðja við leik barna og þær leiðir geta verið allt frá því að bjóða leikefni eða aðra örvun sem styður við þróun leiksins og yfir í algjörlega kennarastýrða leiki. Ekki eru þó allir fræðimenn á eitt sáttir um nærveru kennara í leik barna og telja að ákveðin stjórnun leiksins felist í að vera til staðar. Tullgren (2004) telur t.d. að ósýnileg stjórnun felist í þátttöku kennara sem gerir börnum erfitt fyrir í

leiknum og kennurum hætti þá til að yfirtaka leikinn. Þátttaka kennara í leik krefst ákveðins jafnvægis og þarfnast stöðugrar ígrundunar og mats á aðstæðum.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 er hlutverk leikskólakennara að styðja við nám og þroska barna í gegnum leik. Sá stuðningur felst m.a. í að búa börnum fjölbreytt umhverfi til leiks, gefa þeim tíma og rými til að dýpka leikinn og þróa hann áfram. Styðja á við sjálfsprottnar hugmyndir og áhuga og vera vakandi yfir þeim tækifærum sem skapast í leiknum til frekara náms (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Vert er að taka fram að nýlega hafa verið gerðar breytingar á aðalnámskránni og í nýrri útgáfu sjöunda kafla kemur eftirfarandi fram: „Leikskólakennarar skulu vera mótandi í leikskólastarfi, ábyrgð þeirra er að skapa sérhverju barni tækifæri og bestu aðstæður til náms í leik þar sem barnið stjórnar framgangi leiksins“ (Stjórnarráð Íslands, e.d.-a, bls. 2). Í aðalnámskránni er fjallað um hlutverk leikskólakennara en lög um leikskóla nr. 90/2008 gera ráð fyrir að um 2/3 starfsmanna í leikskólum séu leikskólakennarar. Sú er ekki raunin í íslensku samfélagi og lengi hefur verið bent á skort á leikskólakennurum. Stjórnvöld hafa brugðist við þeirri þróun með auknum stuðningi við menntun kennara (Stjórnarráð Íslands, e.d.-b). Margir starfsmenn leikskóla eru ófaglærðir og hafa starfsheitið leiðbeinandi. Niðurstöður samstarfsrannsóknar Jóhönnu Einarsdóttur o.fl., (2013) varpa ljósi á að óljós verkaskipting sé á milli leiðbeinanda og leikskólakennara í íslenskum leikskólum. Báðir taki þátt í leik og aðstoði börnin í þeirra daglega starfi en leikskólakennarar leggi meiri áherslu á námið sem fram fer í leiknum (Jóhanna Einarsdóttir o.fl., 2013). Þar reynir því á leikskólakennara að halda uppi faglegri sýn á starfið og miðla þekkingu sinni inn í daglegt starf. Í ljósi þessa er áhugavert að í nýlegum breytingum á sjöunda kafla aðalnámskrár er fjallað sérstaklega um hlutverk leikskólakennara sem faglegs leiðtoga. Þá er tilgreint hvaða hlutverki allir sem koma að uppeldi og menntun í leikskóla eiga að gegna, kennarar sem og annað starfsfólk (Stjórnarráð Íslands, e.d.-a). Rannsóknir sem gerðar hafa verið í íslenskum leikskólum sýna að leikskólakennarar eru meðvitaðir um mikilvægi leiksins og að vanda þurfi dagskipulag með tilliti til þess að frjáls leikur fái notið sín (Jóhanna Einarsdóttir, 2004; Jóhanna Einarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2005). Þó svo að kennarar séu meðvitaðir um mikilvægi leiksins bendir rannsókn Söru Margrétar Ólafsdóttur og Jóhönnu Einarsdóttur (2017) til þess að menning innan leikskólans hafi áhrif á þátttöku þeirra í leik. Í leikskólunum tveimur, þar sem rannsókn þeirra Söru Margrétar og Jóhönnu var framkvæmd, gætti ólíkrar menningar milli barna og fullorðinna sem voru aðskilin í leik. Kennarar tóku ekki þátt í leik barnanna og börnin óskuðu yfirleitt ekki eftir þeirra þátttöku. Hinir fullorðnu töldu að leikurinn væri barnanna og sinntu því öðru á meðan börnin léku sér. Menning barnanna litaðist af viðhorfi kennara og töldu börnin að hlutverk kennara fælist í að vera á staðnum,

aðstoða við daglegar athafnir og hjálpa til við ágreiningsmál. Niðurstöðurnar sýndu einnig fram á mikilvægi þess að skoða hvar leikur barna er í forgangs röð daglegs starfs í leikskólum.

Læsi

Hugtakið læsi hefur verið tengt við þá færni sem þarf til að fólk geti fært hugsun sína í ritað mál og að það skilji það sem það er að lesa. Með aukinni þekkingu og rannsóknum hafa hugmyndir um læsi breyst og sérfræðingar sammála um að læsi snúist um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og sé því félagslegt í eðli sínu. Læsi stýrist af þeirri hefð sem ríkir og einstaklingurinn getur því ekki öðlast þessa færni óháð stað og stund og þeim gildum og þeirri menningu sem hann býr við (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Í þessum kafla verður farið yfir grunnþætti lestrarnáms en undirbúningur þess á sér stað strax á máltökuskeiði. Lestur er eitt það flóknasta sem börn þurfa að læra til að ná að lesa sér til gagns og ná fram sjálfvirkni í lestri. Það gerist ekki ósjálfrátt heldur þarf að kenna þeim og þau þurfa mikla þjálfun til að verða læs. Leiðin til læsis reynist einstaklingum miserfið enda eru margir þættir sem hafa áhrif á þróunina. Til að mynda er mikilvægt að börn öðlist góða færni í þáttum eins og hljóðkerfis- og hljóðavitund, orðaforða, umskráningu og skilningi, en slök geta í þessum þáttum getur haft neikvæð áhrif á lestrarnám einstaklings (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.a; Menntamálastofnun, 2020a).

Börn byrja að læra undirstöður lestrar við upphaf máltöku sem heldur áfram upp leik- og grunnskóla aldur. Þótt ekki sé lögð áhersla á beina lestrarkennslu í leikskólastarfi koma þau með nokkra eða jafnvel töluverða lestrarkunnáttu upp í grunnskóla. Það forskot má rekja til læsisríks uppeldis og umhverfis leikskólans þar sem áhersla er lögð meðal annars á bækur, ljóð, samskipti, fjölbreytta málörvun og hljóðþekkingu stafa. Jafnframt er unnið með læsi í víðum skilningi og tjáningu, ásamt því að lögð er áhersla á að hafa ritmálið sýnilegt í starfinu og þannig stuðla að sjónrænum orðaforða. Leikskólum ber að líta svo á að leikurinn sé aðalnámsleið barnsins og fer því öll innlögn og kennsla fram í gegnum leik. Því verða börn oftast ekki vör við að þau séu að læra undirstöður lestars en flest börn eru áhugasöm um lestrar- og skriftarnám og er þeim gefið tækifæri til að styrkja þann áhuga (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013; Bryant o.fl., 2020). Til að öðlast læsi þarf að vera aðgangur að skrifffærum, pappír eða sambærilegu efni til að skrifa á, einnig þarf að vera aðgangur að bókum, tæknimiðlum og verkunnáttu til að koma ritsmíðinni á framfæri (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Að ná góðum tökum á lestri er mikilvægur þáttur í öllu námi, því gefur að skilja að íhlutun fyrir þau börn sem standa höllum fæti getur skipt sköpum fyrir framtíðarhorfur þeirra. En til að íhlutun skili árangri er mikilvægt að henni sé beitt markvisst og hún mótuð með þarfir þeirra barna sem þurfa að leiðarljósi. Markmiðið með íhlutun er að jafna getu bilið innan barnahópsins (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2013).

„Matthew effect“

Stanovich (1986) notar hugtakið til að lýsa neikvæðum afleiðingum lestrarörðugleika og bendir á að staðan minni á það að „ríkir verði ríkari og fátækir fátækari“. Þetta á við um börn sem dragast aftur í námi og lenda í vítahring þar sem slakur árangur hefur neikvæð áhrif á áframhaldandi þróun. Skortur á árangri leiðir oft til minni áhuga og neikvæðra viðhorfa. Þá fylgja litlar væntingar, takmörkuð hvatning og minni þjálfun, sem veldur því að framfarir verða hægari og barnið situr enn meira á hakanum miðað við jafnaldra (Sper-Swerling & Sternberg, 1996). Mattheusaráhrifin geta haft sérstaklega alvarleg áhrif á málþróun barna, þar sem lestur er mikilvægur til að efla orðaforða, málfræðipækkingu og ritfærni. Börn sem lesa lítið eiga því á hættu að dragast verulega aftur úr jafnöldrum sínum í notkun máls, bæði í tali og ritun (Stothard, Snowling & Bishop, 1996).

Hljóðkerfis- og hljóðavitund

Hljóðkerfisvitund gerir okkur kleift að greina hljóð tungumáls án tengingar við merkingu orða. Hljóðkerfis- og hljóðavitund gegna veigamiklu hlutverki í lestrarnámi barna því slök færni í þeim þáttum eykur líkur á erfiðleikum við lestur. Undirþættir hljóðkerfisvitundar eru meðal annars rím, sundurgreining, atkvæði, samtenging hljóða og hljóðræn umskráning en þessir þættir er taldir gefa sterk forspárgildi fyrir lestrarnámið. Rannsóknir hafa sýnt fram á að það skilar betri árangri í lestrarnámi að hefja þjálfun hljóðkerfisvitundar á leikskólaaldri. Sér í lagi fyrir börn sem eru í áhættuhópi en jafn mikilvægt er að val verkefna og áherslur séu í samræmi við getu og þarfir barnanna (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.a; Freyja Birgisdóttir, e.d.).

Í leikskóla er því afar mikilvægt að búa börnum ríkulegt málumhverfi sem styður vel við málþroska þeirra allt frá upphafi leikskólagöngu.

Umskráning

Umskráning á sér stað þegar barn er farið að breyta bókstöfum orða í viðeigandi málhljóð, tengja á milli þeirra og mynda orð og veit einnig merkingu þess. Barnið byrjar á því að læra umskráningu með samtengjandi hljóðaaðferð en með henni læra börn að tengja

saman stök hljóð orðanna og öðlast færni til að hlusta eftir þeim orðum sem hljóðin mynda. Með þessum hljóðrænu tengingum og skilningi á merkingu orðanna verða orðin hluti af sjónminni sem barnið getur svo kallað fram um leið og þau bera fyrir sjónir við lestur. Umskráning er það sem aðrir grunnþættir lestrar byggja á þ.e. lesfimi, orðaforði og lesskilningur því skiptir máli að ná góðri færni í umskráningu til að koma í veg slaka færni í lestri (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.b; Helga Sigurmundsdóttir, ed.c).

Mikilvægi þess að lesa fyrir börn

Orð eru grunneiningar tungumálsins, það eru orð sem bera með sér merkinguna bæði í töluðu og rituðu máli. Orðin nýtast til þess að leggja merkingu í það sem gerist í daglegu lífi. Orðaforði hvers og eins er því samofinn þekkingu og skilningi hans á hverjum tíma. Það að búa yfir góðum orðaforða er líkt og að eiga góða verkfærakistu fulla af verkfærum sem hjálpa hverjum og einum að leysa hin ýmsu verkefni sem á dagana drífur. Rannsóknir, bæði íslenskar og erlendar, sýna fram á það að orðaforði barna á leikskólaaldri er mikilvægur áhrifavaldur í þroska og námi þeirra þegar fram í sækir (Árdís Hrönn Jónsdóttir o.fl., 2025).

Orðaforði barna vex gríðarlega frá tveggja ára aldri og því fleiri orð sem barnið kann þeim mun auðveldara á það með að bæta við sig nýjum orðum. Því er mikilvægt að börn séu í ríkulegu málumhverfi þar sem orðaforði er fjölbreyttur. Sýnt hefur verið fram á að það hversu oft er lesið fyrir börn spáir fyrir um framfarir þeirra í málþroska (Noble o.fl., 2019).

Margar rannsóknir hafa leitt í ljós að lestur og samræður um efnið sé aðferð sem eflir orðaforða barna hvað mest (Kassow, 2006). Við lestur bóka gefst tækifæri til þess að kynna ný orð af öllu tagi, ræða merkingu þeirra og tengja við daglegt líf sem gerir börnum auðveldara að tileinka sér þau. Rannsóknir sýna að fullorðnir beita yfirleitt fjölbreyttari orðaforða í samræðum í kringum lestur en þegar þeir leika við börn eða spjalla við þau dags daglega (Gilkerson o.fl., 2017).

Með lestri bóka víkkum við sjóndeildarhring barna, kynnum þeim heiminn, ólík sjónarhorn og tilfinningar í gegnum fjölbreyttar sögur og sögupersónur. Með lestri bóka gefum við börnunum verkfærin, orðin, til þess að skilja sjálf sig og aðra.

Verkferlar – gátlistar

Í leikskóladeild Kerhólsskóla fer fram reglubundin skráning á námsframvindu og helstu þroskapáttum barna með það að markmiði að beita snemmtækri íhlutun ef barn þarf á að halda. Nánar fjallað um skimanir í kaflanum um stoðþjónustu.

Móttaka barna

Þegar skólavist leikskólabarns hefur verið samþykkt hefur aðstoðarleikskólastjóri samband við foreldra til að áætla fyrsta fundartíma með foreldrum. Þar er farið yfir helstu atriði sem lúta að leikskólagöngu og fyrirkomulagi aðlögunar barns í leikskólann og hvenær barn getur hafið aðlögun.


Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og börn byggja upp þekkingu saman, staður námstækifæra. Í Kerhólsskóla fer aðlögun barna fram með þátttökuaðlögun. Þátttökuaðlögun byggist á því að barnið sé að læra að vera í leikskólanum með þátttöku foreldra í starfinu þá daga sem hún á sér stað. Í aðlögun beinist athyglin fyrst og fremst að börnunum, og er hún skipulögð með það að markmiði að létta þeim aðskilnaðinn. Barnið tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Þau kynnast starfsfólkinu smám saman og traust skapast milli þeirra.

Þátttökuaðlögun

Við þátttökuaðlögun er tiltekinn dagur upphafsdagur leikskólans og þann dag mæta foreldrar og börn sem eiga að byrja saman í leikskólann. Foreldrar eru með börnunum í þrjá til fjóra daga. Foreldrarnir eru inni á deild með börnum allan tímann (nema þegar þau sofa). Foreldrar sinna eigin börnum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika sér með þeim og eru til staðar. Starfsfólkið tekur að sjálfsögðu líka þátt, skipuleggur daginn, deilir út verkefnum (og skráir). Á fjórða degi koma börnin um morguninn, kveðja foreldrana og eru svo allan daginn. Einstaka börn hafa foreldra sína með sér í fjóra daga en reynslan sýnir að þau eru fá. Þátttökuaðlögun byggist m.a. á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur frá fyrsta degi öðlist þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum, þeir sjái starfsfólk að verki. Þeir kynnast ekki bara starfsfólki heldur öðrum börnum, foreldrum og því sem á sér stað í leikskólanum. Það er jafnframt talinn kostur við nýja formið að foreldrar tengjast og milli þeirra skapast oft vinskapur.

Meðal kosta sem leikskólakennarar sjá við þátttökuaðlögunina er að það skapast meiri nánd við foreldrana. „Þeir væru ekki í hlutverki gesta“, „Þeir væru heimavanir í leikskólanum“ (Kristín Dýrfjörð dósent við Háskólann á Akureyri).

Áætlun aðlögunar:



Þetta er einungis áætlun um það hvernig aðlögunin fer fram. Það er mjög mikilvægt að aðlögunin fari fram eftir þörfum barnsins og því gætu tímasetningar breyst og viðvera foreldra verið meiri en gert er ráð fyrir í áætluninni. Einnig er mikilvægt að hægt sé að ná í foreldri í síma sé það farið úr húsi þegar barnið sefur á aðlögunartímabili.

Móttökuáætlun nemenda með fjölbreyttan menningarbakgrunn

Innritun

Begar upplýsingar berast um innritun nemanda upplýsir deildarstjóri stoðþjónustu skólaþjónustuna um komu barnsins í leikskólann. Ákveðið er á hvaða deild barnið fer og leikskólastjóri upplýsir hópstjóra um það.

Móttökuviðtal

- Viðtal er undirbúið og haft er samband við foreldra símleiðis til að kanna hvort þörf er á túlki.
- Túlkur er pantaður eftir atvikum og fundarboð er sent til foreldra.
- Í viðtalinu eru auk foreldra og túlki leikskólastjóri, hópstjóri/deildarstjóri stoðþjónustu viðstaddir.
- Í viðtalinu er farið yfir dvalarsamning með foreldrum og ákveðið hvenær aðlögun hefst.
- Upplýsingaöflun fer fram, bæði þær upplýsingar sem leikskólinn lætur af hendi og einnig þær upplýsingar sem leikskólinn þarf að fá og bakgrunnsupplýsinga er aflað (sjá fylgiskjal 1 foreldrahandbók)
- Gott er að bjóða foreldrum blað og penna ef þeir vilja punkta hjá sér.
- Í lokin er ákveðinn tími fyrir næsta viðtal sem er að sex-átta vikum liðnum. Þá er staðan tekin með tilliti til líðan barnsins og áframhaldandi leikskólagöngu.
- Að loknu móttökuviðtali upplýsir leikskólastjóri kennara og starfsmenn um það sem skiptir máli varðandi málefni barnsins.

Aðlögun

- Hvað varðar aðlögun þá fer leikskólastjóri yfir það ferli með foreldrum og er það eins og móttaka annarra barna, sjá hér ofar.
- Aðlögun hefst samkvæmt ofangreindu skipulagi og foreldri er með barninu.
- Á þriðja degi aðlögunar er rætt við foreldri um það hvort þörf sé á kalla aftur til túlk ef einhverjar spurningar hafa vaknað á þeim tíma sem liðin er af aðlögun.
- Aðlögun líkur að loknum fjórða degi og eftir það hefst leikskóladvöl barnsins samkvæmt skipulagi leikskólans og dvalartíma.

Eftirfylgd

Að sex til átta vikum liðnum fer fram annað viðtal við foreldra. Í þessu viðtali er farið yfir stuðningsþörf og eftirfarandi atriði rædd:

- Einstaklingsnámskrá
- Námsmat
- Notkun hæfniramma mms.is
- Samstarf við skólaþjónustu
- Áhersla er á að fylgjast með þeim framförum sem hafa orðið hvað varðar að þróa með sér íslenskufærni í samræmi við getu og aðstæður.
- Að öðru leiti er samtalið sniðið að hverri og einni fjölskyldu
- Mikilvægt er að í leikskólanum sé starfandi teymi sem fundar reglulega. Teymið hefur það hlutverk að hafa yfirsýn yfir hvernig erlendum nemendum farnast í leik og starfi. Í þessu teymi þurfa að vera stjórnendur leikskólans og kennsluráðgjafi í fjölmenningu frá skólaþjónustunni.

Foreldrasamstarf

- Samstarf við foreldra er lykill að farsælli skólagöngu og málþroska barnsins og því er eftirfylgni mikilvæg.
- Upplýsa þarf foreldra reglulega um líðan og námslega stöðu barna sinna og þær leiðir sem eru nýttar til að aðstoða börnin ef þarf.
- Leitað er til skólaþjónustu og kennsluráðgjafi í fjölmenningu tekur ráðgjafarviðtal við foreldra á fyrsta ári barnsins í leikskóla.

Aðlögun og málörvun fjöltyngdra barna í leikskóla

Áður en barn hefur sína leikskólagöngu er afar mikilvægt að allt starfsfólk deildarinnar undirbúi sig vel, kynni sér leiðir til að auðvelda barninu að skilja umhverfi sitt og tjá sig á áhrifaríkan hátt. Þetta má gera með margvíslegum hætti, svo sem:

- Að útbúa myndrænt skipulag sem tengist daglegum athöfnum og viðfangsefnum leikskólans.
- Að nota tákn með tali til að styrkja skilning og tjáningu.
- Að búa til myndræna samskiptabók á milli heimilis og leikskóla, þar sem myndir úr nánasta umhverfi barnsins eru notaðar til að byggja brýr á milli leik- og grunnskóla og auka gagnkvæmt traust og skilning.

- Að læra nokkur lykilorð á móðurmáli barnsins til að auðvelda samskipti og sýna virðingu fyrir tungumálum barnanna.

Grunnforsenda farsællar aðlögunar er að tryggja öryggi og vellíðan barnsins og eiga í traustum tengslum við foreldra. Þegar barn kemur inn í nýtt málumhverfi þarf það sveigjanleika, tíma og stuðning til að aðlagast nýjum aðstæðum og mynda traust tengsl við starfsfólk leikskólans.

Málörvun

Leikskólinn gegnir lykilhlutverki í því að styðja íslenskunám fjöltyngdra barna. Allt starfsfólk leikskólans hefur þar mikilvægu hlutverki að gegna í kennslu íslensku sem annars tungumáls. Hér eru nokkrar aðferðir og hugmyndir sem nýtast vel:

- Setja upp velkomin-spjald á mörgum tungumálum við innganginn.
- Nota myndir með texta til að styðja við orðaforða og lesskilning.
- Gefa börnum hlutverk í daglegum verkefnum, t.d. sem „borðþjónar“ eða „veðurfræðingar“.
- Nota Orðaspjallsaðferðina til að efla orðaforða í gegnum umræðu, notkun og endurtekningu.
- Nota kennsluefni eins og Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin og Sól-bækurnar til að efla málskilning og framburð.
- Vinna með þemu (t.d. könnunaraðferðina) þar sem orðaforði og málnotkun eru megináherslur.
- Beita fjölbreyttum tjáningarformum eins og leiklist og söng.
- Setja orð á athafnir og umhverfi – láta málið flæða í gegnum leik og starf.
- Fylgja 10 mínútna reglunni: hver starfsmaður ræði við hvert barn í að minnsta kosti 10 mínútur á dag.

Orð eru ævintýri er myndrík barnabók sem býður upp á skemmtilegar leiðir til að efla orðaforða og kveikja ímyndunarafl barna. Bókin snýst um orð daglegs lífs og hvetur til samræðna, leikja og ævintýra í kringum þau. Hún hentar sérstaklega vel fyrir börn í leikskólum og nemendur sem eru að byrja að læra íslensku sem annað tungumál, þar sem hún styður við málörvun á lifandi og leikandi hátt.

Einnig má nýta:

- Fjöltýngissamskiptabók sem ferðast milli heimilis og leikskóla og byggir á áhugasviði barnsins.
- Upplýsa foreldra um bækur og efni sem eru í notkun og hvetja þá til samræðu og lesturs á heimamáli.
- Nota verkefni eins og Bókaorminn til að brúa bilið milli heimilis og leikskóla með lestri.
- Nýta orðaforðalista Menntamálastofnunar, Orðaleikinn og verkefnið Tungumál er gjöf til að styðja við orðanám og læsi.
- Meta barnabækur með fjölmennningarlegum gátlistum (sjá: Leitið að skilaboðum í barnabókum).

Loks er brýnt að starfsfólk tali við börn á eðlilegan hátt, forðist að hækka rödd eða ofureinfalda mál. Samræður og samskipti eiga að vera hluti af öllu daglegu starfi – þar fæðast tengslin og þar dafnar málið (Sveitarfélagið Árborg, 2022).

Málörvunarstundir - Samvera í hópum

Í leikskólanum fara fram skipulagðar málörvunarstundir dag hvern í formi samverustunda. Það kennsluefni sem notast er við er Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin, almenn málörvun og þjálfun hljóðkerfisvitundar og vináttuverkefnið Blær. Börnum er skipt niður í hópa eftir aldri svo hver og einn nemandi fái viðeigandi þjálfun eftir aldri og þroska.

Einnig er sameiginleg söngstund einu sinni í viku.

Yfir vikuna hefur hver hópur fengið Lubba stund, Lærum og leikum með hljóðin, Blæ, söng og markvissa málörvun. Allar stundirnar eru þannig upp byggðar að hafa skýrt upphaf og endi og notast er við myndræn skilaboð í gegnum stundina. Allar stundir byrja á að farið er yfir boðskiptareglur Bínu og viðeigandi hegðun römmuð inn í gegnum stundina.

Lubbi finnur málbein



Fátt er vænlegra til árangurs í lífinu en að saman fari þekking og að tala skýrt og gott mál. Jafnframt er það mikill gleðigjafi að hafa góð tök á móðurmálinu. Þar reynist hann Lubbi frábær félagi og kennari í Hljóðasmiðjunni sinni, svo skýr og hljómmikill að okkur langar öll til að vera eins skýrmælt og hann. „Lubbi finnur málbein“ er eitt af fræðsluefnunum sem notað er til að styðja við málþroska barna, sérstaklega í leikskólum og yngri bekkjum grunnskóla. Þetta námsefni einblínir á að kenna börnum um byggingu tungumálsins, með áherslu á orð, hljóð og merkingu þeirra. Námsefnið fer í gegnum ferli sem tengist því að þekkja og nýta „málbeinin“ eða grundvallareiningar tungumálsins, eins og orðin sjálf og uppbyggingu þeirra.

Með „Lubbi finnur málbein“ er markmiðið að auka skilning barna á hvernig orð eru byggð upp, hvaða hljóð og stafir saman mynda þau, og hvernig þau tengjast hugtökum og

merkingu. Námsfnið býður upp á æfingar þar sem börn finna hljóð og hluti sem tengjast orðum, og á þennan hátt læra þau að tengja saman hljóð, orð og fyrirbæri í umhverfi sínu. „Lubbi finnur málbein“ hjálpar börnum að bæta málskilning sinn og orðaforða með því að tengja orð við hluti og fyrirbæri í þeirra umhverfi. Efnið stuðlar að aukinni málþærni, orðaforða og ferli í að nýta mál í daglegu lífi. Börnin læra að átta sig á því hvernig tungumál er byggt upp og hvernig orð eru notuð til að lýsa umheiminum.

Börn taka þátt í leikjum og æfingum sem tengjast Lubba og hans ferðalögum. Það getur líka verið nýtt í sameiginlegum lestrartímum þar sem börn lesa sögur með Lubba og ræða um orðin og hlutina sem hann finnur. Námsfnið er því mjög gagnlegt til að efla málþroska barna á skemmtilegan og leikrænan hátt, auk þess sem það veitir þeim verkfæri til að nýta mál og orð í daglegu lífi.

Ramma stundar má sjá hér að neðan. Athugið að öll Lubba lögin má nálgast á Spotify



Rammi fyrir Lubbastund

1. Setjumst í hring og förum yfir boðskipti
Bínu og vöndum okkur út stundina



2. Við heilsum Lubba fallega og kynnum okkur með tákni



3. Við kynnum hljóð dagsins og hlustum (syngjum) lagið

4. Skoðum hljóð dagsins í Lubbabókinni, förum vel yfir orðin og lesum textann



5. Hljóðapokinn, hvert barn dregur dót uppúr hljóðapokanum.

6. Samstæðuspil (ef tími gefst)



7. Hljóð dagsins rifjað upp og lagið sungið aftur

8. Kveðjum Lubba



Lærum og leikum með hljóðin

„Lærum og leikum með hljóðin“ er námsáætlun og námsefni sem er hannað til að hjálpa börnum að þroska og styrkja málfærni sína á leikskólaaldri. Námsefnið einblínir á að börn kynnist hljóðum tungumálsins á skemmtilegan og skapandi hátt, sem getur lagt grunn að góðum lesferli síðar meir. Námsefnið leggur áherslu á að börn geti þekkt og meðtekið hljóðin í íslensku máli, bæði hljóðin sem eru til staðar í orðum (einstök hljóð, hljóðasambönd) og hvernig þau tengjast stafrófinu. Þetta námsefni felur í sér leik og æfingar sem styðja við málþroskann og eflir orðaforða. Börn öðlast ekki aðeins grunnskilning á hljóðum og hvernig þau mynda orð, heldur byggir það einnig upp sjálfstraust þeirra í að tjá sig og skilja mál. Þetta getur haft jákvæð áhrif á málþroska, lestrarnám og einbeitingu í framtíðinni.

Leikskólakennarar nýta þetta námsefni í daglegum leikjum og starfsemi þar sem börn fá tækifæri til að kanna og æfa hljóðin í ýmsum samhengi. T.d. geta þau tekið þátt í hljóðasögum, rímleikjum, og þrautum þar sem þau eru hvött til að nýta mál og hljóð á skapandi hátt. Þetta námsefni hentar vel til að hjálpa börnum að byggja upp grunninn fyrir áframhaldandi námsferil, sérstaklega í lestri og ritun.

Rammi stundar. Athugið appið „Lærum og leikum með hljóðin” er aðgengilegt gjaldfrjálst á Google Playstore og Apple Appstore

Rammi fyrir lærum og leikum með hljóðin



1. Við setjumst í hring og förum yfir boðskipti Bínu og vöndum okkur út stundina.



2. Við syngjum lagið (merkt með nótu á appinu)



3. Förum yfir hljóð dagsins



- a. endurtökum hljóð eftir blöðrunum
- b. æfum orðin stök og í setningum | (útvarpið)
- c. flokka orð eftir upphafshljóði
- d. tengja orð við mynd
- e. Samstæðuspil



4. syngjum lagið aftur

5. Rifjum upp hljóð og orð dagsins

6. kveðjumst og þökkum fyrir stundina



Vináttuverkefnið Blær

Vinátta er forvarnarefni frá Barnaheill, sem ætlað er að koma í veg fyrir að einelti þróist í barnahópum í leik- og grunnskólum. Efnið á að stuðla að öruggu, jákvæðu og heilbrigðu lífi fyrir börn í leik- og grunnskóla með því að byggja upp jákvæð samskipti, umhyggju og vináttu. Einelti getur átt sér stað í leikskólum og því er mikilvægt að hafa afskipti snemma og hefja forvarnarstarf til að koma í veg fyrir einelti. Vináttu er góð leið til þess.

Markmið Vináttu - verkefnisins er:

- að samfélagið í leikskólanum einkennist af umburðarlyndi og virðingu
- að skapa umhverfi þar sem börn sýna hvert öðru umhyggju
- að börn læri að bregðast við neikvæðri hegðun og einelti
- að virkja einstaklinga og gefa þeim hugrekki til að grípa inn í og verja félagi sína

Það er lykilatriði fyrir árangur að börn, foreldrar og starfsfólk vinni saman til að koma í veg fyrir einelti. Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu og litlu hjálparbangsarnir eru ætlaðir hverju barni. Blær og hjálparbangsarnir tákna traust og vináttu og er ætlað að minna börnin á að passa upp á aðra og vera góðir félagar. Hvatt er til samtala og leikja með börnum sem byggja á gildum verkefnisins; umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki. Gert er ráð fyrir fjölbreyttum vinnubrögðum, svo sem hlustun, umræðu og tjáningu í leik, jafnt úti sem inni.

Gildi vináttunnar eru:

- **Umburðarlyndi:** Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.
- **Virðing:** Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.
- **Umhyggja:** Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpssemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
- **Hugrekki:** Að þora að láta í sér heyra og geta sett mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Vináttu felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því.

Allt námsefnið sem notað er í Vináttu er að finna í sérstökum töskum. Efni fyrir 0-3 ára er í einni tösku og efni fyrir 3-6 ára er í annarri. Þar eru verkefni og annað efni ætlað börnum, foreldrum, kennurum og öðru starfsfólki. Mikilvægt er að öll börn fái tækifæri til að nýta styrkleika sína og leggja sitt af mörkum til að vera góður félagi og sýna vináttu, umhyggju, virðingu og hugrekki.


Öll börn í Kerhólsskóla eiga sinn hjálparbangsa í leikskólanum og taka þátt í Blæ stund í hverri viku, en umræðu um vináttu er haldið á lofti alla daga. Þegar börnin svo hætta í leikskólanum þá fá þau hjálparbangsann heim með sér.

Rammi stundar:

Rammi fyrir Blæ stund



1. Við setjumst í hring og förum yfir boðskipti
Bínu og vöndum okkur út stundina



2. Við syngjum lagið okkar

3. Kennari leggur fram umræðuefni vikunnar
 - a. Unnið með ákveðin hugtök
 - b. Lesin klípusaga og efnið rætt



4. Við vinnum áfram með efni vikunnar í formi leikja eða spila
 - a. Bera kennsl á eigin tilfinningar og annarra
 - b.

5. Við rifjum upp efni dagsins



6. Við syngjum kveðjulaug



7. Við kveðjumst og þökkum fyrir stundina

Almenn málörvun

Almenn málörvun felur í sér markvissar aðgerðir til að efla tungumálafærni barna á náttúrulegan og leikrænan hátt. Þegar áhersla er lögð á orðaforða er unnið að því að auka bæði breidd og dýpt orðasafnsins. Breiddin felur í sér að barnið læri fjölbreytt orð úr ólíkum flokkum, en dýptin að það skilji merkingu, samhengi og notkun orða. Slíkt má styðja með samtölum, sögulestri, myndum, hlutum og reynslutengdum verkefnum sem kveikja forvitni og tengja ný orð við þekkingu barnsins.

Undirstöðupættir hljóðkerfisvitundar snúa að því að barnið átti sig á því að tungumálið er samsett úr hljóðum og hljóðaeiningum. Með hljóðkerfisvitund æfir barnið m.a. að greina fyrsta hljóð í orði, ríma, telja atkvæði og að bera saman orð út frá hljóðum þeirra. Þetta skapar mikilvægan grunn fyrir læsi, þar sem færni í að greina og meðhöndla hljóð er nauðsynleg fyrir lestur og stafsetningu.

Samspil orðaforða og hljóðkerfisvitundar er lykilatriði. Því ríkari sem orðaforði barns er, þeim mun auðveldara á það með að þekkja og greina hljóðmynstur í orðum. Með fjölbreyttum og markvissum málörvunarleikjum, þar sem bæði þessi þættir eru þjálfaðir samtímis, má skapa öflugan grunn að áframhaldandi málþroska og læsisfærni. Í málörvunarstundum erum við einnig að vinna með orðmyndunarfræði þ.e. íslenska málfræði, setningafræði og málnotkun

Rammi stundar:

Rammi fyrir málörvunarstund



1. Við setjumst í hring og förum yfir boðskipti
Bínu og vöndum okkur út stundina



2. Við syngjum lagið okkar



3. Kennari leggur fram kennsluefni vikunnar



4. Við vinnum áfram með efni vikunnar í formi
leikja eða spila

5. Við rifjum upp efni dagsins



6. Við syngjum kveðjulag



7. Við kveðjumst og þökkum fyrir stundina

Söngur

Söngur er mikilvægur þáttur í málörvun barna, bæði í leikskóla og heima. Í gegnum söng styrkja börn orðaforða sinn, framburð og næmni fyrir hrynjanda og hljóðkerfi tungumálsins. Þegar sungið er lærir barnið að tengja orð við merkingu á leikrænan hátt og endurtekningar í lagatextum auðvelda börnum að tileinka sér ný orð og fjölbreyttar setningagerðir.

Íslenskur söngur hefur sérstakt gildi í þessu samhengi þar sem hann viðheldur og styrkir tengsl barna við íslenskt mál og menningu. Barnalög, vögguvísur og þjóðlög bera með sér ríkulegan orðaforða, gamalt og nýtt myndmál og stuðla þannig að auknum skilningi

og ánægju í tungumálinu. Auk þess hefur söngur jákvæð áhrif á félagsfærni og sjálfstraust barna. Þegar þau syngja saman upplifa þau samveru, gleði og samkennd. Þannig verður söngurinn ekki aðeins leið til málörvunar heldur líka lykill að menningarlegri sjálfsmynd og félagslegum tengslum.

Elsti árgangur- málörvun- K-Pals

Elsti árgangur í Kerhólsskóla fær kennslu, fjóra daga vikunnar í verkefni sem hófst hjá okkur haustið 2024. Um er að ræða markvissa þjálfun í undirstöðuatriðum lestrarnáms s.s. hljóða- og bókstafaþekkingu, hrynjanda tungumálsins, orðaforða o.s.frv. Þessi vinna er til viðbótar við öfluga málörvun í samverustundum. Á haustmánuðum vinnum við ýmis verkefni tengd þessu ásamt stafa (hljóða) innlögn. Um áramót færum við okkur yfir í kennsluefnið K-PALS.

K-PALS (Kindergarten Peer-Assisted Learning Strategies) er aðferðafræði sem þróuð var innan ramma PALS-verkefnisins (e. Peer-Assisted Learning Strategies) við Vanderbilt-háskóla í Bandaríkjunum. PALS byggir á hugmyndum félagslegrar hugsamráðahyggju og nýtir jafningjalærdóm sem leið til að efla skilning, málþroska og námsárangur barna. Sérstaklega er K-PALS hannað fyrir yngstu nemendur, þ.e. leikskólabörn og börn í fyrsta bekk grunnskóla, með það að markmiði að styrkja grunnþætti snemmlæsis og málþroska (Fuchs, Fuchs, Mathes, & Simmons, 1997).

K-PALS gengur út á að börn vinna saman í pörum, þar sem hlutverk nemenda skiptast milli „leiðbeinanda“ og „lærisveins“. Í slíkum samskiptum fá börn tækifæri til að:

- hlusta á og endurtaka málhljóð,
- vinna með orðaforða og hljóðkerfisvitund,
- þjálfra hlustun, tjáningu og félagsfærni.

Kennarinn veitir skýran ramma og kennsluleiðbeiningar, en börnin taka sjálf virkan þátt í að miðla og festa í sessi þá þekkingu sem unnið er með. Þetta styður við hugmyndina um „zone of proximal development“ (Vygotsky, 1978), þar sem börn læra í gegnum samvinnu við aðra sem hafa aðeins meiri færni.

Markmið K-PALS er:

- Að efla snemmlæsi með skipulögðum og endurteknum æfingum sem miða að þróun hljóðkerfisvitundar, bókstafakunnáttu og orðaforða.

- Að stuðla að félagslegum samskiptum og jöfnuði í námi, þar sem öll börn fá tækifæri til að vera bæði leiðbeinendur og nemendur.

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að K-PALS hefur jákvæð áhrif á:

- hljóðkerfisvitund og snemmlæsisfærni, sem eru lykilforsendur lestrar (Mathes, Fuchs, Fuchs, Henley, & Sanders, 1994),
- orðaforða og málskilning, sem skiptir máli fyrir læsi til lengri tíma (Fuchs & Fuchs, 2005),
- félagsfærni og námsáhuga, þar sem börn upplifa samvinnu sem hvetjandi og styrkjandi (McMaster, Fuchs, & Fuchs, 2006).

K-PALS hefur reynst sérstaklega gagnlegt fyrir börn sem eru í áhættuhópi vegna lestrarerfiðleika og einnig fyrir börn með annað heimamál en samfélagsmálið. Með því að nýta jafningjastuðning fær kennsluaðferðin bæði fræðilegt gildi sem læsisþjálfun og félagslegt gildi sem samskipta- og jafningjamiðað nám.

Innritun í grunnskóla

Á heimasíðu skólans <https://www.kerholsskoli.is> er hægt að sjá myndir og upplýsingar um starfið og undir flípanum eyðublöð og umsóknir er eyðublað þar sem sótt er um skólavist: <https://www.kerholsskoli.is/eydublod-og-umsoknir>

Undirbúningur fyrir grunnskólagöngu

Það skipti miklu máli að undirbúa vel komu barna með annað tungumál en íslensku áður en grunnskólaganga hefst. Mikilvægt er að starfsfólk skólanna taki virkan þátt í námskeiðum og fræðslu sem miða að því að efla færni þeirra í vinnu með fjöltyngda nemendur. Um leið ætti að leggja áherslu á að rækta fordómaleysi og jákvætt viðhorf gagnvart menningarlegri fjölbreytni og ólíkum uppruna nemenda. Þá skiptir einnig máli að kennarar auki þekkingu sína á kennsluaðferðum í íslensku sem öðru tungumáli, svo þeir geti betur mætt þörfum nemenda með fjölbreyttan tungumálabakgrunn.

Stoðþjónusta Kerhólsskóla

Í Kerhólsskóla er stoðþjónusta sameiginleg grunnskólanum. Það er að deildarstjóri stoðþjónustu hefur góða yfirsýn yfir þau börn sem nema við skólann frá upphafi leikskóla til loka grunnskóla. Í stoðþjónustu skólans starfa deildarstjóri stoðþjónustu og sérkennarar beggja deilda saman í teymi.

Deildarstjóri stoðþjónustu

Í Kerhólsskóla starfar deildarstjóri stoðþjónustu bæði fyrir leik- og grunnskóladeild. Sá stjórnar og skipuleggur sérkennslu Kerhólsskóla ásamt því að veita kennurum, leiðbeinendum og stuðningsfulltrúum faglega ráðgjöf.

Helstu verkefni:

- Heldur utan um þá þætti er snúa að nemendum með skilgreindar sérþarfir.
- Skipuleggur og stjórnar allri sérkennslu skólans eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar.
- Skipuleggur og stjórnar framkvæmd kennslu ISAT nemenda í skólanum.
- Er í forystu um gerð einstaklingsnámsskráa og annara áætlana, er ráðgefandi aðili við gerð þeirra.
- Er almennum kennurum skólans faglegur ráðgjafi varðandi skipulag kennslu og hefur umsjón með gerð sérkennsluskýrslu að vori.
- Ber ábyrgð á að sérkennslugögn nemenda séu aðgengileg í samvinnu við umsjónarkennara.
- Er tengiliður við skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíðar.
- Sinnir fundarsetu og sér um að boða alla fundi vegna nemenda með sérþarfir. Er teymisstjóri í þeim tilfellum.
- Situr fundi með umsjónarkennara vegna inntöku nemenda í 1. bekk.
- Sér um tengsl skólans og samvinnu við framhaldsskóla vegna nemenda í námsörðugleikum.
- Kallar eftir greiningum nemenda og heldur utan um þær og fylgist með því að þeir fái þá þjónustu sem nauðsynleg er hverju sinni. Sér um upplýsingagjöf til hlutaðeigandi.
- Er ráðgefandi og ákveður í samvinnu við skólastjórnenndur hvenær nemendur fá greiningar innan skólans.
- Stýrir fundum lausnateymis og nemendaverndarráðs.
- Sinnir öðrum þeim störfum er skólastjóri kann að fela viðkomandi.

- Er tengiliður farsældar samkvæmt lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.
- Vinnur eftir gildum, stefnu og áherslum skólans.

Sérkennari leikskóladeildar

Sérkennari stjórnar og skipuleggur sérkennslu skólans ásamt því að veita kennurum og leiðbeinendum faglega ráðgjöf. Hann starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leik- og grunnskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum sem við eiga, aðalnámskrá leik- og grunnskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

Meginverkefni:

- Skipuleggur sérkennslu í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu og leiðbeinir starfsfólki skólans þannig að starfsfólkið taki þátt í kennslu barna sem þurfa sérkennslu.
- Gerir skriflegar einstaklingsnámskrár fyrir hvert barn sem nýtur sérkennslu í skólanum í samráði við deildarstjóra stoðþjónustu.
- Sér um að einstaklingsnámskrám sé framfylgt og þær endurmetnar í samráði við deildarstjóra stoðþjónustu.
- Veitir börnum sem þurfa á sérkennslu að halda sérstaka aðstoð og kennslu.
- Gætir þess að barn sem nýtur sérkennslu einangrist ekki heldur sé hluti af hópnum og eigi hlutdeild í skólastarfinu.
- Vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barna sem njóta sérkennslu í skólanum og situr fundi og viðtöl með þeim.
- Situr foreldrafundi sem haldnir eru á vegum skólans eins og þurfa þykir.
- Situr fundi þar sem fjallað er um málefni barna sem þurfa sérfræðiaðstoð eða sérkennslu í skólanum samkvæmt boðun yfirmanns eða hlutaðeigandi aðila.
- Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varða starfsemi skólans.
- Sinnir þeim verkefnum er varða sérkennslu sem yfirmaður felur honum.

Skimanir/prófanir í leikskóla og íhlutun

Í Kerhólsskóla ber aðstoðar leikskólastjóri, sérkennari og deildarstjóri stoðþjónustu ábyrgð á því að meta stöðu hvers og eins barns, vera leiðandi í að veita viðeigandi stuðning

og meta árangur af íhlutun. Allt starfsfólk ber ábyrgð á öllum börnum og mikilvægt er að það hafi þekkingu og komi auga á ef barn þarf mögulega aukinn stuðning.

Öll börn í Kerhólsskóla gangast undir skimanir þar sem sérkennari kortleggur stöðu þeirra í ýmsum þáttum málþroskans. Þær skimanir sem við notumst við eru:

TRAS

TRAS (n: Tidlig registrering af språkuvikling), er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. (<https://mms.is/tras>). Útfylling TRAS skráningar krefst réttinda til notkunar þess.

EFI-2

EFI-2 er íslensk skimun á málþroska ætluð fyrir börn frá þriggja til fjögurra ára. Skimunin er lögð tvisvar fyrir hvert barn, fyrst þegar það er á aldrinum þriggja til þriggja og hálfis árs. Seinni skimun á sér stað áður en barnið nær fjögurra ára aldri. Höfundar EFI-2 eru Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir en þau eru öll talmeinafræðingar með mikla reynslu.

Skimunin er í leikjaformi og varpar ljósi á hvar börn eru stödd í málskilningi. Samhliða er máltjáning kortlögð með það að markmiði að grípa með snemmtækri íhlutun þau börn sem þurfa á stuðningi eða annarri íhlutun að halda. Einnig gefur skimunin betri yfirsýn yfir málþætti sem vinna þarf með í samverustundum viðeigandi aldurs. Tilgangurinn er að finna börn sem þurfa íhlutun. Með EFI-2 skimun fást vísbendingar um hver málþroski barnsins er miðað við jafnaldra, hvar styrkur barnsins liggur og hvort veikleikar eru í málskilningi eða máltjáningu barnsins. Komi börn slök eða mjög slök úr skimuninni hefst ákveðið ferli innan leikskólans. Með fyrri skimun fæst yfirsýn yfir þá þætti sem þarf að þjálfar betur með börnunum og ef vandi er enn til staðar þegar seinni skimun er lögð fyrir fer í gang ákveðið ferli innan leikskólans. Forráðamenn eru boðaðir á fund og íhlutun ákveðin í framhaldi af því. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi er heimilt að leggja fyrir málþroskaskimunina og hefur sérkennari leikskóladeildar séð um það frá árinu 2020.

HLJÓM-2

HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans. Skimunin er framkvæmd í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu vegna lestrarerfiðleika þegar formlegt lestrarnám hefst. Rannsóknir sýna að aðal orsök lestrarvanda barna liggi í slakri hljóðkerfis- og málvitund eða í 88 % tilvika (9 af hverjum 10 börnum). Undanfarna áratugi hefur mikil áhersla verið lögð á að börnum sé strax frá unga aldri boðið markvisst upp á leiki og verkefni til að örva hljóðkerfis- og málvitund þeirra og að þeim sem virðast eiga í erfiðleikum sé sinnt sérstaklega. Leikskólaárin eru því sérlega mikilvæg fyrir snemmtæka íhlutun.

Til að geta lagt fyrir HLJÓM-2 þarf prófandi að hafa lokið réttindanámskeiði. Námskeiðið ásamt fylgigögnum er aðgengilegt á innsláttargátt fyrir niðurstöður úr prófinu. Notkun á innsláttargáttinni er valfrjál en óskað er eftir aðgangi að gáttinni á [hljom-2@mms.is](https://mms.is). Kynningarmyndband um innsláttargátt fyrir HLJÓM-2 má finna [hér](https://mms.is/hljom-2-0) (menntmáltofnun e.d.).<https://mms.is/hljom-2-0>

Skráning og mat á árangri í leikskólastarfi

Ábyrg og markviss skráning er hornsteinn starfs í leikskóla og gegnir lykilhlutverki í að tryggja gæði kennslu, stuðning og eftirfylgni með þroska og líðan hvers barns. Í leikskólanum er lögð rík áhersla á að skapa skýrt og traust verklag í kringum skráningu, mat og endurmat, bæði í almennu starfi og í tengslum við sértækan stuðning, málörvun og skráningu atvika.

Skráning í tengslum við sérkennslu

Sérkennslutímar eru skipulagðir með þarfir og styrkleika hvers barns að leiðarljósi og er vandaðri skráningu beitt til að fylgjast með framförum og markmiðasetningu. Við hverja kennslulotu er haldin dagbók þar sem skráðar eru nákvæmar lýsingar á innihaldi tímans, þátttöku barnsins, athugasemdir um árangur og mat á virkni aðferða. Þessi skráning styður við faglega ígrundun, sýnir þróun yfir tíma og auðveldar miðlun upplýsinga innan teymis og til foreldra eftir þörfum. Skráningin nýtist einnig sem grunnur að reglubundnu mati og endurmati á þeim stuðningi sem veittur er, og stuðlar þannig að einstaklingsmiðaðri og sveigjanlegri þjónustu.

Þjálfunaráætlanir og eftirfylgni

Þjálfunaráætlanir eru mikilvægur hluti af markvissu og einstaklingsmiðuðu starfi leikskólans. Þær eru settar fram til að styðja við börn sem þarfnast aðlagaðs stuðnings í þroska, námi og samskiptum – hvort sem um ræðir málþroskavanda, félagslegar áskoranir eða að barnið sé að tileinka sér nýtt tungumál. Áætlanirnar taka mið af heildarþroska barnsins og ná yfir fjölbreytta þætti líkt og málörvun, tilfinningavinnu, samskiptafærni og skólafærni.

Málörvun er einn af meginþáttum í þessari vinnu. Hún beinist að ýmsum þáttum málþroska, svo sem:

- málskilningi og máltjáningu,
- orðaforða og hugtakaskilningi,
- hlustun og eftirtekt,
- tjáskiptum og félagslegri virkni,
- og tengslamyndun í leik og samveru.

Auk þess er í mörgum tilvikum unnið með:

- tilfinningavitund og tilfinningastjórn,
- samskiptafærni og félagslega hegðun,
- skólafærni, svo sem persónuupplýsingar, eftirtekt, verkefnalausnir og sjálfstæði í námi.

Áætlanir eru unnar út frá ítarlegu mati á málfærni, aldri, þroska og bakgrunni barnsins. Þær innihalda skýr, mælanleg markmið sem veita leiðsögn um framkvæmd, viðfangsefni og áherslur í þjálfun. Framvinda og árangur þjálfunar er skjalfest með reglubundnum hætti. Í skráningum koma fram upplýsingar um:

- hvernig þjálfunin er framkvæmd
- viðbrögð barnsins
- frammistöðu þess
- og þróun yfir tíma.

Þar er færni tilgreind, aðferð, námsefni og metið hvort barnið hafi náð færninni yfir ákveðið tímabil eða ekki. Þá er það metið sem svo að færnina þurfi að þjálfra betur og sú færni færist yfir á nýtt tímabil. Þjálfunaráætlunin sjálf er lifandi skjal – hún endurspeglast í sveigjanlegu og þroskavænu starfi sem tekur mið af daglegu mati, athugunum og

samræðum starfsfólks. Reglubundið endurmat tryggir að stuðningurinn haldist árangursmiðaður, samræmdur og í samræmi við síbreytilegar þarfir barnsins.

Samstarf við foreldra og teymi leikskólans er órjúfanlegur þáttur í þessari vinnu. Þjálfunaráætlanir og niðurstöður þeirra eru rýndar með reglulegu millibili í þeim tilgangi að hámarka stuðning og efla velferð og þátttöku barnsins í leik og námi.

Skráning atvika

Í leikskólanum er unnið eftir ákveðnu verklagi þegar kemur að skráningu atvika sem varða hegðun, líðan eða öryggi barnanna. Öll atvik eru skráð jafnóðum með hlutlægum hætti þar sem áhersla er lögð á lýsandi og staðreyndamiðaða frásögn. Atvikaskráningar eru ekki aðeins hugsaðar sem tæki til að skrá tilvik eftir á, heldur eru þær einnig mikilvæg greiningar- og umbótarverkfæri sem nýtast við að skoða mynstur, bregðast við vanda með viðeigandi hætti og styðja við uppbyggilegt samstarf við foreldra og aðra fagaðila.

Skráningarnar eru varðveittar með viðeigandi trúnaði og aðgengi að þeim takmarkast við þá sem hafa faglega ábyrgð í málinu. Afrit af öllum skráningum eru vistaðar inni á sérkennslusvæði leikskólans en einnig eru prentuð út afrit, sett í persónumöppur viðkomandi nemanda sem varðveittar eru í læstum skjalaskáp.

Gildi og tilgangur skráninga og mats

Kerfisbundin skráning og mat á árangri veita leikskólanum mikilvæga yfirsýn yfir nám og þroska barnanna. Slík vinnubrögð:

- gera kennurum kleift að ígrunda eigið starf og þróa það í takt við þarfir barnanna,
- tryggja samfellu og samhæfingu stuðnings,
- stuðla að faglegu samtali innan starfsmannahópsins og með foreldrum,
- auðvelda ákvörðunartöku í tengslum við tilvísanir og samvinnu við utanaðkomandi fagaðila.

Að lokum styður vönduð skráning við gildi leikskólans um fagmennsku, ábyrgð og vellíðan. Hún hjálpar okkur að sjá barnið í heild, fylgjast með framförum þess og bregðast við með viðeigandi hætti, með velferð barnsins ætíð að leiðarljósi.

Sérfræðipjónusta, einstaklingsáætlun/ samvinna á milli kennara/samvinna við sérfræðinga

Starfsfólk Kerhólsskóla leitar sérfræðiaðstoðar hjá Skóla- og velferðarpjónustu Árneshvíls. Þeir sérfræðingar sem skólinn hefur aðgang að eru: kennsluráðgjafar, talmeinafræðingur, sálfræðingar, félagsfræðingar og náms- og starfsráðgjafi. Hlutverk þessara aðila eru eftirfarandi skv. Skóla- og velferðarpjónustu Árneshvíls:

Kennsluráðgjafar

Hlutverk kennsluráðgjafa er að veita skólastjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skóla ráðgjöf, stuðning og handleiðslu til að finna leiðir sem mæta þörfum nemenda. Með kennsluráðgjöf er veitt snemmtækt mat á stöðu nemenda með ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og/eða sálræns vanda með það að markmiði að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar.

Félagsráðgjafi

Eitt af verkefnum skólapjónustu er að styðja við foreldra með ráðgjöf og fræðslu. Foreldrar geta fengið samtal við uppeldisráðgjafa um þætti er snúa að uppeldi, skólagöngu og öðrum þáttum í lífi fjölskyldna og barna. Markmið foreldraráðgjafa er að veita foreldrum viðeigandi upplýsingar og ráðgjöf um uppeldi, efla foreldra í uppeldisaðferðum, fá foreldra til að ígrunda foreldrahlutverkið.

Sálfræðingar

Hlutverk sálfræðings er að athuga og greina vanda nemenda sem ná ekki að nýta hæfileika sína í námi og starfi og eiga í námslegum, sálrænum og/eða félagslegum erfiðleikum. Sálfræðingur leggur fyrir viðeigandi matslista og greinir stöðu nemenda og skilar niðurstöðu til forráðamanna og skóla. Sálfræðingur sendir niðurstöður greininga áfram á viðeigandi aðila til að barn fái fullnaðargreiningu þegar þess gerist þörf.

Talmeinafræðingur

Hlutverk talmeinafræðings er að annast athuganir og greiningar á tal- og málproska nemenda. Ef um staðfest frávík er að ræða veitir talmeinafræðingur ráðgjöf, meðferð og þjálfun eftir því sem við á og við verður komið.

Foreldrasamstarf, samfélagið sem heild og námsstefna

Foreldrar eru mikilvægir samstarfsaðilar í öllu starfi leikskólans. Í þróunarverkefninu hefur verið lögð sérstök áhersla á að efla samskipti og upplýsingaflæði milli heimilis og skóla. Markvisst samstarf við foreldra gerir þeim kleift að fylgjast með mál- og læsisþróun barna sinna, taka virkan þátt í námi þeirra og styðja við framfarir bæði heima og í skólanum. Slíkt samstarf byggist á gagnkvæmu trausti og opnum samskiptum þar sem sjónarmið foreldra eru virt og nýtt til að efla faglegt starf.

Samfélagið sem heild gegnir einnig mikilvægu hlutverki. Með því að nýta styrkleika nærsamfélagsins, svo sem bókasafnið, náttúruna og nærumhverfið skapast fjölbreyttar og lifandi aðstæður til náms. Slík tenging við samfélagið stuðlar að því að börnin upplifi læsi sem náttúrulegan hluta af daglegu lífi og læri að sjá samhengi milli náms og umhverfis.

Námsstefna Kerhólsskóla byggir á heildrænni læsisstefnu frá leikskóla til loka grunnskóla þar sem lögð er áhersla á snemmtæka málörvun, jöfn tækifæri allra barna og markvissa íhlutun eftir þörfum. Hún styðst við grunnþætti menntunar aðalnámskrár, einstaklingsmiðaða kennslu, flæði og samstarf heimila og skóla til að tryggja velferð og árangur barna. Þessi stefna felur í sér samfellu frá leikskóla til grunnskóla, þar sem jafnt foreldrar, starfsfólk og samfélagið allt vinna saman að því að efla sjálfsmynd barna og búa þeim traustan grunn til framtíðar.

Að festa verkefnið í sessi

Til að tryggja að verkefnið **Snemmtæk íhlutun – mál og læsi** verði fastur og lifandi hluti af starfsháttum leikskóladeildar Kerhólsskóla þarf að skapa skýra verkaskiptingu, sameiginlega ábyrgð og faglegt teymi sem heldur utan um framkvæmd, þróun og endurskoðun verkefnisins.

Teymi verkefnisins

Starfandi skal vera sérstakt **teymi um snemmtæka íhlutun og málörvun**, sem fundar reglulega og heldur utan um faglega eftirfylgd, endurskoðun og samræmingu innan leikskóladeildarinnar.

Hlutverk og ábyrgð teymisins:

- **Faglegur leiðtogi:**

Ber ábyrgð á heildarsýn verkefnisins, innihaldi og þróun handbókarinnar. Tryggir að hún sé lifandi, endurskoðuð og endurnýjuð í takt við reynslu og nýja þekkingu.

Leiðtogiinn sér til þess að handbókin endurspegli starf leikskólans og verði hluti af daglegu starfi.

- **Foreldrafræðsla (tveir aðilar):**

Sjá um skipulag og framkvæmd foreldrafræðslu sem tengist málþroska, læsi og snemmtækri íhlutun. Þeir miðla upplýsingum og efni til foreldra og skapa vettvang fyrir samstarf og sameiginlega ábyrgð á málþroska barna.

- **Málörvunarefni (einn aðili):**

Ber ábyrgð á vali, skipulagi og endurnýjun efnis sem notað er í markvissa málörvun. Tryggir að efnið sé fjölbreytt, aðgengilegt og í stöðugri þróun í takt við þarfir barna og áherslur leikskólans.

- **Málörvunarstundir og daglegt málstarf (tveir aðilar):**

Sjá um skipulag, framkvæmd og eftirfylgd málörvunarstunda. Þeir hafa yfirsýn yfir hvernig málörvun fléttast inn í daglegt starf – í leik, samveru og samskiptum – þannig að hún verði eðlilegur og sjálfsagður hluti af öllu sem fram fer í leikskólanum.

Fræðsla og festing í starfi

Til að verkefnið festist í sessi þarf að tryggja að:

- Allir **nýir starfsmenn** fái kynningu á markmiðum verkefnisins og handbókinni við upphaf starfs.
- Handbókin sé **lifandi skjal**, endurskoðuð og uppfærð árlega í ljósi reynslu, nýrra hugmynda og fræðilegrar þekkingar.
- Efni handbókarinnar **laumist smám saman inn í æðakerfi leikskólans**, þannig að hugmyndir hennar, aðferðir og orðrómur verði hluti af menningu og daglegum vinnubrögðum allra starfsmanna.
- Í **starfsáætlun leikskóladeildarinnar** sé ávallt sérstakur þróunarþáttur um málörvun, læsi og snemmtæka íhlutun.
- Starfsfólk fái **fræðslu og handleiðslu** árlega til að efla faglega hæfni og tryggja samræmt starf.

Samræming og eftirfylgd

Teymið heldur utan um fundargerðir, endurmat og árangur verkefnisins. Árlega skal gera **árangursskýrslu** þar sem fram kemur hvernig markmiðum handbókarinnar hefur verið fylgt eftir, hvaða úrbætur eru fyrirhugaðar og hvernig samstarf við foreldra og skólapijónustu hefur gengið.

Fagleg menning

Markmið verkefnisins er að skapa **faglegt samfélag** þar sem allir starfsmenn bera sameiginlega ábyrgð á málþroska og læsi barna. Með samvinnu, ígrundun og miðlun reynslu verður verkefnið hluti af menningu leikskóladeildarinnar — það flæðir um hana eins og lífskraftur í æðakerfi skólastarfsins og styrkir grunninn að leik, námi og vellíðan barna.

Lokaorð

Þátttaka Kerhólsskóla í þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun – mál og læsi í leikskólum Árnesþings hefur lagt traustan grunn að markvissri málörvun og læsisþróun í leikskóladeildinni. Með áherslu á snemmtæka íhlutun, einstaklingsmiðað nám og nánara samstarf starfsfólks og foreldra hefur tekist að skapa umhverfi þar sem öll börn fá jöfn tækifæri til að efla mál, tal og boðskipti á eigin forsendum.

Verkefnið hefur jafnframt styrkt sameiginlega sýn á læsi sem heildræna menntastefnu sem fylgir barninu frá leikskóla til grunnskóla. Þannig hefur verið stigið mikilvægt skref í átt að samfelli í námi, þar sem leikur, flæði og fjölbreytt námsefni mynda eina heild í þágu sjálfsmyndar, félagsfærni og námsgrunns barna.

Sú þekking og reynsla sem verkefnið hefur fært inn í starfshætti leikskóladeildarinnar mun áfram vera hornsteinn í faglegri þróun skólans. Með því að byggja á þessum grunni, í nánú samstarfi við foreldra og nærsamfélagið, verður unnt að tryggja að börnin fái áfram þann stuðning sem þarf til að vaxa upp sem sjálfstæðir, öruggir og læsir einstaklingar sem nýta styrkleika sína til framtíðar.

Heimildir

- Amalía Björnsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir, & Ingibjörg Símonardóttir. (2013). *Langtímarannsókn á forspárgildi málþroskaathugana við 5–6 ára aldur um síðari líðan og reynslu*. Netla – veftímarit um uppeldi og menntun. <https://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/013.pdf>
- Aneta Figlarska, A., Rannveig Oddsdóttir, Smúel Lefever, & Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). *Pólskur og íslenskur orðaforði tvítyngdra leikskólabarna: Málumhverfi heima og í leikskóla*. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2017 - Menntakvika 2017. https://netla.hi.is/serit/2017/menntavika_2017/007.pdf
- Árdís Hrönn Jónsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, & Ingibjörg Sif Stefánsdóttir. (2025). *Orðaspjall - að efla orðaforða og hlustunarskilning barna*. Árdís Hrönn Jónsdóttir.
- Áshildur Bj. Snorradóttir, & Bergrós Ólafsdóttir. (2021a). Hvenær er þörf fyrir markvissa íhlutun hjá ungum börnum. Í Áshildur Bj. Snorradóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Hlín Magnúsdóttir Njarðvík, & Sara Tosti (Ritstjórar), *Snemmtæk íhlutun í hnotskurn: Verkfærakista hugmynda* (bls. 28). Höfundar.
- Áshildur Bj. Snorradóttir, & Bergrós Ólafsdóttir. (2021b). Snemmtæk íhlutun í málörvun - grunnur að góðum námsárangri. Í Áshildur Bj. Snorradóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Hlín Magnúsdóttir Njarðvík, & Sara Tosti (Ritstjórar), *Snemmtæk íhlutun í hnotskurn: Verkfærakista hugmynda* (bls. 7). Höfundar.
- Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir, & Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Höfundar.
- Bodrova, E. (2008). Make-believe play versus academic skills: Vygotskian approach to today's dilemma of early childhood education. *European Early Childhood Education Research Journal*, 16(3), 357–369. <https://doi.org/10.1080/13502930802291777>
- Bryant, D. P., Bryant, B. R., & Smith, D. D. (2020). *Teaching students with special needs in inclusive classrooms* (2nd ed.). SAGE Publications, Inc.
- Carr, M. (2001). *Assessment in early childhood settings: Learning stories*. Paul Chapman.
- Council of The European Union. (2022). *Council recommendation on early childhood education and care. The Barcelona Targets for 2030*. Brussels: Council of the European Union. https://www.eumonitor.eu/9353000/1/j4nvhd fcs8bljza_j9vvik7m1c3gyxp/vlw6gqw1yiub

- Csikszentmihalyi, M. (1997). *Finding flow: The psychology of engagement with everyday life*. Basic Books.
- Csikszentmihalyi, M. (2005). *Flow og engagement i hverdagen* (F. Ø. Andersen, þýð.). Dansk psykologisk forlag.
- Edwards, S., Letts, C. A., & Sinka, I. (2011). *The New Reynell Developmental Language Scales*. GL Assessment.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2004). Tvítyngi ekkert að óttast. *Talfræðingurinn*, 18(1), 5–7.
- Freyja Birgisdóttir. (e.d.). Hljóðkerfisvitund. *Lesvefurinn*. <https://lesvefurinn.hi.is/node/229>
- Fuchs, D., & Fuchs, L. S. (2005). Responsiveness-to-intervention: A blueprint for practitioners, policymakers, and parents. *Teaching Exceptional Children*, 38(1), 57–61.
- Fuchs, D., Fuchs, L. S., Mathes, P. G., & Simmons, D. C. (1997). Peer-assisted learning strategies: Making classrooms more responsive to diversity. *American Educational Research Journal*, 34(1), 174–206.
- Gilkerson, J., Richards, J. A., & Topping, K. J. (2017). The impact of book reading in the early years on parent-child language interaction. *Journal of Early Childhood Literacy*, 17(1), 92–100.
- Göl-Güven, M. (2017). Play and flow: Children's culture and adults' role. *Journal of Early Childhood Studies*, 1(2), 247–261. <https://doi.org/10.24130/eccd-jecs.196720171230>
- Hefferon, K., & Boniwell, I. (2011). *Positive psychology: Theory, research and applications*. McGraw-Hill Education.
- Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.-a). Hljóðkerfisvitund. *Lesvefurinn*. <https://lesvefurinn.hi.is/node/189>
- Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.-b). Kennsluaðferðir - Umskráning. *Lesvefurinn*. <https://lesvefurinn.hi.is/kennsluadferdir>
- Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.-c). Umskráning. *Lesvefurinn*. <https://lesvefurinn.hi.is/node/136>
- Hjördís Hafsteinsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir, & Iris Edda Nowenstein. (2022). Íslenskukunnátta tvítyngdra barna: Tengsl staðlaðra málþroskaprófa og málsýna. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2022.8>

- Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Marta Gall Jörgensen, & Þóra Sæunn Úlfisdóttir. (2012). *Skýrsla um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun*.
https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneytimedia/media/ritogskyrslur/skyrsl_stodu_barna_ungm_malthroska_rosk_2012.pdf
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017a). Hvers vegna er góður málþroski börnum sérstaklega mikilvægur? Hvers vegna þurfa kennarar að vera vel að ser um málþroska? [PowerPoint glærur]
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017b). Málþroski og þróun málnotkunar: Inngangur - Hvað felst í málþroska? [PowerPoint glærur]
- Jóhanna Einarsdóttir, & Kristín Karlsdóttir. (2005). Hvernig tala leikskólastjórar um leikskólann? *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 53–68.
<http://hdl.handle.net/1946/14400>
- Jóhanna Einarsdóttir, Arna H. Jónsdóttir, & Bryndís Garðarsdóttir. (2013). Sjóarmið leikskólakennara og leiðbeinenda: Áherslur og verkaskipting í leikskólastarfi. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/007.pdf>
- Jórunn Elísdóttir, & Sólveig Zophoníasdóttir. (2019). „...mér má finnast öðruvísi...“ Hugleikur – samræður til náms í leikskóla. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.37>
- Kassow, D. Z. (2006). *Parent–child shared book reading: Quality and quantity of reading interactions between parents and young children*. Talaris Research Institute.
<https://static1.squarespace.com/static/531bd3f2e4b0a09d95833bfc/t/549daa97e4b003c6ce13f73e/1419618967556/parentchsharedbktalaris.pdf>
- Katz, L. G., & McClellan, D. E. (1997). *Fostering children's social competence: The teacher's role*. National Association for the Education of Young Children.
- Kerhólsskóli. (e.d.). Saga skólans. Sótt 14. október 2025 af
<https://www.kerholsskoli.is/saga-skolans>
- Kuder, S. J. (2018). *Teaching students with language and communication disabilities* (5. útg.). Pearson Education, Inc.
- Laevers, F. (1994). The innovative project experiential education and the definition of quality in education. Í F. Laevers (Ritstjóri), *Defining and assessing quality in early childhood education* (bls. 159–172). Leuven University Press.
- Law, J., Dennis, J., & Charlton, J. (2017). Speech and language therapy interventions for children with primary speech and/or language disorders: (Protocol). *Cochrane*

- Database of Systematic Reviews*, 2017(1), 1–21.
<https://doi.org/10.1002/14651858.CD012490>
- Lillemyr, O. F. (2009). *Taking play seriously: Children and play in early childhood education – an exciting challenge*. Teachers College Press.
- Lyons, R., & Roulstone, S. (2018). Well-being and resilience in children with speech and language disorders. *Journal of Speech, Language, and Hearing Research*, 61(2), 324–344.
- Málefli. (e.d.). Hagsmunasamtök í þágu barna með tal- og málþroskaröskun. Staðreyndir um málþroskaröskun. <https://www.malefli.is/sta%C3%B0reyndir-um-dld>
- Marta Eydal, Jóhanna T. Einarsdóttir, Þorlákur Karlsson, & Þóra Sæunn Úlfisdóttir. (2019). Börn sem eru sein til máls: Áhrif þjálfunar á orðaforða barns á þriðja ári. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2019.2>
- Mathes, P. G., Fuchs, D., Fuchs, L. S., Henley, A. M., & Sanders, A. (1994). Increasing strategic reading practice with Peabody classwide peer tutoring. *Learning Disabilities Research & Practice*, 9(1), 44–48.
- McMaster, K. L., Fuchs, D., & Fuchs, L. S. (2006). Peer-assisted learning strategies: The promise and limitations of peer-mediated instruction. *Reading and Writing Quarterly*, 22(1), 5–25.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinarsvið 2013*.
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*.
- Menntamálastofnun. (2020a). *Um forsendur læsis*. Læsisvefurinn.
https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2020/01/fors_frae_inng_2020-1.pdf
- Morris, I. (2012). *Að sitja fíl – Nám í skóla um hamingju og velferð* (Erla Kristjánsdóttir þýddi.) Námsgagnastofnun.
- Neaum, S. (2012). *Language and literacy for the early years*. Sage.
- Noble, C., Sala, G., Peter, M., Lingwood, J., Rowland, C., Gobet, F., & Pine, J. (2019). The impact of shared book reading on children's language skills: A meta-analysis. *Educational Research Review*, 28, 1–17.
- Overview of early intervention. (2021, júlí). *Center for Parent Information & Resources*.
<https://www.parentcenterhub.org/ei-overview/>

- Paul, R., Norbury, C., & Gosse, C. (2018). *Language disorders from infancy through adolescence: Listening, speaking, reading, writing and communicating* (5. útg.). Elsevier.
- RADLD: Raising awareness of Developmental language Disorder. (e.d.). Staðreyndir um málproskaröskun.
- Rannveig Oddsdóttir. (2017a). Forsendur og aðdragandi máltöku. [PowerPoint glærur]
- Rannveig Oddsdóttir. (2017b). Orðaforði. [PowerPoint glærur]
- Robinson, V. (2018). *Reduce change to increase improvement*. Corwin.
- Sara Margrét Ólafsdóttir, & Bryndís Garðarsdóttir. (2016). Flæði í leik og námi leikskólabarna. Í K. Karlsdóttir & A. M. Hreinsdóttir (Ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum: Námsgvið í leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 57–76). RannUng; Háskólaútgáfan.
- Sara Margrét Ólafsdóttir, & Jóhanna Einarsdóttir. (2017). „Þeir vilja ekki leika, bara tala saman“: Sýn barna á hlutverk fullorðinna í leik. *Sérít Netlu 2017 – Innsýn í leikskólastarf*. http://netla.hi.is/serit/2017/innsyn_leikskolastarf/002.pdf
- Sara Tosti. (2021). Helstu athuganir í leikskólum – að lesa úr niðurstöðum prófa, verkferlar og íhlutun. Í Á. B. Snorraddóttir, B. Ólafsdóttir, H. M. Njarðvík, & S. Tosti (Ritstjórar), *Snemmtæk íhlutun í hnotskurn: Verkfærakista hugmynda* (bls. 8–16). Höfundar.
- Sigríður Þorbjörnsdóttir. (2020). *Betri samskipti – betri líðan: Starfendarannsókn um aðferðir til að bæta samskipti og líðan barna og starfsfólks* [M.Ed.-ritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/36821>
- Sper-Swerling, L., & Sternberg, R. J. (1996). *Off track: When poor readers become "learning disabled"*. Westview Press.
- Stanovich, K. E. (1986). Matthew effects in reading: Some consequences of individual differences in the acquisition of literacy. *Reading Research Quarterly*, 21, 360–407.
- Steimer, S. (2021, 28. október). Mihaly Csikszentmihalyi, pioneering psychologist and ‘father of flow,’ 1934–2021. *UChicago News*. <https://news.uchicago.edu/story/mihaly-csikszentmihalyi-pioneering-psychologist-and-father-flow-1934-2021>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.a). Kafi 7: Leikur og nám barna. <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menntamal/Namskrar/adalnamskra-leikskola-kafi-7-breyting-2023.pdf>

Stjórnarráð Íslands. (e.d.b). Fjölguð kennurum: Aðgerðir í menntamálum.

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/adgerdir-i-menntamalum/fjolgum-kennurum-adgerdir-i-menntamalum/>

Stothard, S. E., Snowling, M. J., & Bishop, D. V. M. (1996). Is preschool language impairment a risk factor for dyslexia in adolescence? *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 37(4), 489–500. <https://doi.org/10.1111/j.1469-7610.1996.tb01436.x>

Sveitarfélagið Árborg. (2022). *Fjölmenningarleg menntun í Sveitarfélaginu Árborg*.

<https://fjolmenning.arborg.is/wp-content/uploads/2023/02/Fjolmenningarleg-menntun-i-Sveitarfelaginu-Arborg-2022.pdf>

Tryggvi Sigurðsson. (2003). *Snemmtæk íhlutun: markmið og leiðir*. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

<https://www.greining.is/static/files/banner/Snemmtaek%20ihlutun.pdf>

Tullgren, C. (2004). *Den välreglerade friheten: Att konstruera det lekande barnet* [Doktorsritgerð, Háskólinn í Malmö].

<https://urn.kb.se/resolve?urn=urn%3Anbn%3Ase%3Amau%3Adiva-7467>

Van Hoorn, J., Nourrot, P. M., Scales, B., & Alward, K. R. (2015). *Play at the center of the curriculum* (6. útg.). Pearson.

Vygotsky, L. S. (1978). *Mind in society: The development of higher psychological processes*. Harvard University Press.

West, G., Lervåg, A., Birchenough, J. M. H., Korell, C., Rios Diaz, M., Duta, M., Cripps, D., Gardner, R., Fairhurst, C., & Hulme, C. (2024). Oral language enrichment in preschool improves children's language skills: A cluster randomised controlled trial. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 65(8), 1087–1097.

<https://doi.org/10.1111/jcpp.1382>

White, M. A. (2016). Why won't it stick? Positive psychology and positive education.

Psychology of Well-Being, 6, 2. <https://doi.org/10.1186/s13612-016-0039-1>

Wood, E. (2013). *Play, learning and the early childhood curriculum*. Sage.